



2023

ÁRSSKÝRSLA

Merking tákna:

- * Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, sedlabanki@sedlabanki.is, www.sedlabanki.is

ISSN 2772-0837

Efnisyfirlit

I	Markmið og stefna	5
II	Stefnan í peningamálum	7
	Verðbólga, vextir og gengi á árinu 2023	7
	Peningastefnunefnd	9
	Ákvarðanir peningastefnunefndar 2023	9
III	Fjármálastöðugleiki	11
	Almennt	11
	Staða fjármálastöðugleika	11
	Netöryggi og alþjóðleg samvinna	12
	Greiðslumiðlun	13
	Greiðsluveitan ehf.	13
	Skilavald	14
	Breytingar á reglum	14
	Fjármálastöðugleikanefnd	14
	Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar 2023	15
IV	Fjármálaeftirlit	17
	Fjármálaeftirlitsnefnd	17
	Eftirlit með fjármálafyrirtækjum	17
	Eftirlit með váttryggingastarfsemi	19
	Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar	19
	Eftirlit með verðbréfamarkaði	19
	Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda	20
	Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða	20
	Eftirlit með aðgerðum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka	20
	Vettvangsathuganir	21
	Mat á hæfi, virkir eignarhlutir og starfsleyfi	21
	Viðurlagamál á árinu 2023	22
V	Önnur viðfangsefni	23
	Gjaldeyrisforði	23
	Lánamál ríkissjóðs	24
	Alþjóðleg samskipti	26
	Úttektir á fjármálakerfi og starfi Seðlabankans	27
	Reiðufé	28
	Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals	29
VI	Stjórn, skipulag og mannauður	30
	Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar	30
	Bankaráð	30

Nefndir bankans	30
Skipulag	31
Verkefni sviða á árinu	31
Innra eftirlit og áhættustýring	33
Mannauðsmál	34
Framkvæmdir og endurbætur	34
Seðlabankastjóri, varaseðlabankastjórar, bankaráð og framkvæmdastjórar Seðlabanka Íslands 31. desember 2023	35
VII Sjálfbærni	37
Umhverfismál	37
Félagslegir þættir	38
Stjórnarhættir	38
VIII Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands	40
Afkomuhorfur og eiginfjármarkmið	41
IX Ársreikningur 2023	42
Áritun óháðs endurskoðanda	44
Staðfesting ársreiknings Seðlabanka Íslands	46
Rekstrarreikningur 2023	47
Efnahagsreikningur 31. desember 2023	48
Eiginfjárfirlit	50
Sjóðstreymisyfirlit	51
Skýringar	52
X Viðaukar	82
Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2023	82
Ritaskrá Seðlabanka Íslands árið 2023	83
XI Tölur	84
Tafla 1 Vextir við Seðlabanka Íslands	84
Tafla 2 Vísitölur meðalgengis og raungengis krónunnar	85
Tafla 3 Yfirlit yfir útgefið reiðufé Seðlabanka Íslands í árslok	86
Tafla 4 Bindiskylduhlutföll (%)	86
Tafla 5 Helstu vextir sem birtir hafa verið samkvæmt 2. mgr. 10. gr. og bráðabirgðaákvæði III laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu (%)	87
Tafla 6 Dæmi um árlegt meðaltal vaxta nokkurra útlána innlánsstofnana og dráttarvaxta	87
Tafla 7 Fjöldi aðila undir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands	88
Tafla 8 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	89
Tafla 9 Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands	90

Markmið og stefna



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra. Fjármála- og efnahagsráðuneyti fer jafnframt með málefni fjármálastöðugleika og fjármálamarkaða. Lög um Seðlabankann, nr. 92/2019, kveða svo á að hann skuli stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Seðlabankinn fer enn fremur með öll verkefni sem fjármálaeftirlitinu eru falin í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Í lögnum um Seðlabankann segir jafnframt að hann skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn markmiðum bankans.

Stöðugt verðlag

Seðlabankanum er heimilt með samþykki ráðherra að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans frá 27. mars 2001 segir að Seðlabankinn muni stefna að því að árleg verðbólga, reiknuð sem hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%.¹ Lögin um Seðlabankann veita honum fullt sjálfstæði til að beita stjórnstækjum bankans í peningamálum til þess að ná markmiðinu um stöðugt verðlag.

Stjórnstæki Seðlabankans í peningamálum eru vextir bankans, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavarálán, bindiskylda, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf.

Fimm manna peningastefnunefnd tekur stefnumarkandi ákvarðanir um beitingu stjórnstækja bankans í peningamálum sem ætlað er að stuðla að því að markmiðum bankans um stöðugt verðlag verði náð. Nefndin setur sér sameiginlega langtímastefnu í peningamálum. Í nefndinni sitja seðlabankastjóri sem er formaður, vara-seðlabankastjóri peningastefnu og fjármálastöðugleika og tveir utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af forsætisráðherra.

Peningastefnunefnd fundar að minnsta kosti sex sinnum á ári og gefur út yfirlýsingu um ákvarðanir sínar í lok fundar. Fundargerð er birt tveimur vikum eftir fund.

Fjármálastöðugleiki

Í fjármálastöðugleika felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands tekur ákvarðanir um beitingu stjórnstækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Nefndinni er falið að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, skilgreina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja fjármálastöðugleika og að ákveða hvaða aðilar, innviðir eða markaðir teljist kerfislega mikilvægir. Fjármálastöðugleikanefnd getur beint ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til um nauðsynlegar aðgerðir til að efla og varðveita fjármálastöðugleika. Sjö manna fjármálastöðugleikanefnd tekur stefnumarkandi ákvarðanir um beitingu stjórnstækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Í nefndinni sitja seðlabankastjóri sem er formaður, vara-seðlabankastjórnarnir þrír og þrír utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytisstjóri eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika skal

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum* 2001/2 og á heimasíðu bankans. Lítils háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.

eiga sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tilögurétt en án atkvæðisréttar.

Fjármálastöðugleikanefnd fundar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári og gefur út yfirlýsingu um ákvarðanir sínar í lok fundar. Fundargerð er birt innan mánaðar frá fundi.

Traust og örugg fjármálastarfsemi

Markmið opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi er að stuðla að því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemina. Í fjármálaeftirlitsstefnu Seðlabanka Íslands segir að markmið hennar sé að stuðla að skilvirkum og öruggum fjármálamarkaði sem uppfyllir kröfur í lögum, reglum og viðmiðum sem um hann gilda og samræmist heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum. Tilgangurinn sé að draga úr líkum á því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til tjóns fyrir almenning og að fjármálamarkaðurinn njóti trausts til að gegna þjóðhagslegu hlutverki sínu.

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands tekur þær ákvarðanir sem taldar eru upp í 1. mgr. 15. gr. laga

um Seðlabanka Íslands. Þá setur nefndin stefnu um beitingu stjórnsýsluviðurlaga og þvingunarúrræða og skal veita umsögn um stefnumarkandi áherslur í fjármálaeftirliti. Seðlabankastjóri er formaður nefndarinnar eftir lagabreytingu í júní 2023. Auk seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits og varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika sitja í nefndinni þrír utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af fjármála- og efnahagsráðherra.

Í þessari skýrslu er nánari grein gerð fyrir framvindu og helstu þáttum í starfi bankans á ofangreindum þremur meginviðum starfseminnar. Þá er greint frá varðveislu gjaldeyrisforðans, greiðslumiðlun, verkefnum á sviði lánamála ríkissjóðs, alþjóðlegum samskiptum og öðrum viðfangsefnum. Auk þess er í skýrslunni birtur ársreikningur bankans.



Bankaráð Seðlabanka Íslands eins og það var skipað í árslok 2023. Sitjandi frá vinstri eru Þórunn Guðmundsdóttir varaformaður og Gylfi Magnússon formaður. Standandi frá vinstri eru Sigurjón Arnórsson, Kírstín Þ. Flygenring, Sigríður Andersen, Þorsteinn Víglundsson og Arnar Bjarnason.

Stefnan í peningamálum



Samkvæmt lögum skal Seðlabanki Íslands stuðla að stöðugu verðlagi. Markmiðið um stöðugt verðlag er skilgreint sem 2½% hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um verðbólguþátt frá 27. mars 2001. Löggin kveða einnig á um að peningastefnunefnd Seðlabankans taki ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum til að ná þessu markmiði.


Verðbólga, vextir og gengi á árinu 2023

Verðbólga var að meðaltali 8,8% á árinu 2023 samanborið við 8,3% árið 2022. Hún mældist tæplega 10% í byrjun árs en tók að hjaðna þegar leið á árið og í lok árs var hún orðin 7,7%. Verðbólga án húsnæðis var að meðaltali 7,8% á árinu og munur á verðbólgu með og án húsnæðis minnkaði framan af ári en jókst á ný á síðustu mánuðum ársins. Undirliggjandi verðbólga jókst einnig á fyrstu mánuðum ársins og náði hámarki í 7,5% í apríl en tók svo að hjaðna á ný og mældist 6,2% í desember miðað við meðaltal ólíkra mælikvarða sem Seðlabankinn horfir til.

Hækkun á matvælavæði var einn af meginþrífkröftum verðbólgunnar á árinu en heilt yfir voru verðhækkunir á breiðum grunni. Aukinn kostnaður vegna eigin húsnæðis hafði einnig töluverð áhrif á verðbólgu á árinu þrátt fyrir minni umsvif á fasteignamarkaði en í desember 2023 hafði kostnaður vegna eigin húsnæðis hækkað um rúmlega 12% milli ára.

Innflutt verðbólga jókst nokkuð á fyrstu mánuðum ársins en gaf svo eftir þegar líða tók á síðari hluta ársins og í desember hafði verð innfluttrar vöru hækkað um 5,2% frá fyrra ári samanborið við 6,7% árshækkun

í desember 2022. Eftir miklar hækkunir á eldsneytisverði árið áður lækkaði verð á eldsneyti árið 2023 og í lok árs var það tæplega 3% lægra en á sama tíma ári fyrr. Einnig dró úr árshækkun innlendrar vöru undir lok ársins sem hafði þá hækkað um 8,2% milli ára.



Verð á þjónustu hækkaði nokkuð eftir því sem leið á árið, einkum á almennri þjónustu. Það dró þó úr verðhækkunum í lok ársins og nam árshækkunin 6,3% í desember.



Peningastefnunefnd ákvað að hækka vexti Seðlabankans í febrúar 2023 um 0,5 prósentur í 6,5%. Í mars ákvað nefndin að hækka vexti bankans enn frekar eða um 1 prósentu og í maí var ákveðið að hækka vexti um 1,25 prósentur. Í ágúst voru vextir hækkaðir um 0,5 prósentur til viðbótar. Nefndin ákvað að halda vöxtum bankans óbreyttum á fundum sínum í október og nóv-

Mynd II-2

Undirliðir verðbólgu

Janúar 2018 - desember 2023

Framlag til ársverðbólgu (%)



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd II-3

Meginvextir Seðlabanka Íslands¹

3. janúar 2001 - 29. desember 2023



1. Meginvextir Seðlabankans eru vextir á 7 daga veðlánnum fram til 31. mars 2009, vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabankanum frá 1. apríl 2009 til 30. september 2009, meðaltal vaxta á viðskiptareikningunum og á 28 daga innstæðubrífum frá 1. október 2009 til 20. maí 2014 og vextir á 7 daga bundnum innlánnum frá 21. maí 2014.

Heimildir: Seðlabanki Íslands.

ember. Í lok árs voru meginvextir bankans (vextir á 7 daga bundnum innlánnum) því 9,25% og höfðu hækkað um 3,25 prósentur frá ársbyrjun.

Rökin fyrir hækkun vaxta framan af ári voru þau að verðbólguþrýstingur væri umtalsverður og mikill kraftur væri enn í þjóðarbúinu. Innlend eftirspurn reyndist vera þróttmeiri en vænst hafði verið sem ásamt miklum launahækkunum og spennu á vinnumarkaði birtist í auknum kostnaðarþrýstingi. Verðbólguvæntingar voru einnig vel yfir markmiði og kjölfesta þeirra við markmið virtist hafa veikst. Taldi nefndin að það væri mikið áhyggjuefni að of lítið viðnám væri til staðar gegn því að kostnaðarhækkunum væri velt áfram út í verðlag. Við þessar aðstæður taldi hún aukna hættu á víxlverkun hækkandi launa og verðlags og þrálátri verðbólgu. Í ljósi þessara þátta og þess að útlit væri fyrir að verðbólga myndi hjáðna hægt taldi nefndin að raunvextir

Seðlabankans þyrftu líklega að verða nokkru hærri en jafnvægisraunvextir og haldast háir lengur en ella.


Á seinni hluta ársins hækkuðu raunvextir bankans hratt og áhrif vaxtahækkana komu skýrar fram í hægari efnahagsumsvifum. Vegna óvissu um hvort taumhaldið væri nægjanlegt ákvað nefndin í október að staldra við og halda vöxtum óbreyttum, en á næsta fundi myndi liggja fyrir ný þjóðhags- og verðbólguáspá bankans. Í nóvember ákvað nefndin einnig að staldra við í ljósi óvissu um efnahagsleg áhrif jarðhræringa á Reykjanesi.

Taumhald peningastefnunnar, mælt með raunvöxtum Seðlabankans, jókst töluvert á árinu. Raunvextir bankans miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs voru 2,9% í lok ársins samanborið við -0,2% í upphafi þess. Yfir sama tímabil hækkuðu raunvextir bankans miðað við tólf mánaða verðbólgu um 4,7 prósentur og voru 1,4% í lok árs.

Mynd II-4

Raunvextir Seðlabanka Íslands¹

Janúar 2010 - desember 2023



— Raunvextir Seðlabanka Íslands m.v. tólf mánaða verðbólgu
— Raunvextir Seðlabanka Íslands m.v. meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar²

1. Fram til maí 2014 er miðað við meðaltal innlánsvaxta og hámarksvaxta á innstæðubrífum með 28 daga binditíma sem meginvexti bankans en frá maí 2014 er miðað við vexti 7 daga bundinna innlána. 2. Fram til janúar 2012 er miðað við 12 mánaða verðbólgu, verðbólguvæntingar fyrirtækja til eins árs, verðbólguvæntingar heimila til eins árs, verðbólguálag á fjármálamarkaði og spá Seðlabankans um ársverðbólgu eftir fjóra ársfjórðunga. Frá febrúar 2012 er einnig miðað við verðbólguvæntingar markaðsaðila til eins árs samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans.

Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Gengi krónunnar hækkaði um 3% gagnvart meðaltali gjaldmiðla helstu viðskiptalanda á fyrri hluta ársins sem endurspeglar vaxandi vaxtamun gagnvart útlöndum í kjölfar mikilla vaxtahækkana hér á landi, jákvæðs fjármagnsflæðis vegna nýfjárfestingar og bjartsýni um fjölgun erlendra ferðamanna á árinu. Þróunin var hins vegar önnur á seinni hluta ársins þegar gengi krónunnar lækkaði um 1,4% gagnvart meðaltali gjaldmiðla helstu viðskiptalanda. Gengið tók að lækka í lok ágúst og í kjölfar þess að jarðhræringar jukust á Reykjanesi í nóvember lækkaði gengið enn frekar. Í lok nóvember höfðu þær lækkanir þó gengið til baka en lítil hreyfing var á gengi krónunnar í desember.

Seðlabankinn seldi gjaldeyri á gjaldeyrismarkaði fyrir 5,6 ma.kr. í tveimur inn gripum árið 2023. Hlutdeild bankans í veltunni á millibankamarkaði nam 2,3% á árinu samanborið við rúmlega 14% árið 2022. Heildarvelta á markaði dróst saman um 37% frá árinu 2022.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa hækkaði á árinu. Í lok árs var ávöxtunarkrafa á tíu ára óverðtryggðum ríkisbréfum 6,5% og hafði hækkað um 0,3 prósentur frá árslokum 2022. Verðtryggðir vextir hækkuðu heldur meira á sama tíma en ávöxtunarkrafa á tíu ára verðtryggðum ríkisskuldabréfum var 2,7% í lok árs samanborið við 2% á sama tíma árið áður.



Til þess að peningastefna geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir haglíkönum sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur. Stöðugt er unnið að þróun haglíkana til að meta efnahagshorfur og greina áhrif peningastefnunnar. Liður í því að auka gegnsæi er að Seðlabankinn birtir meginspálíkan sitt og gagnagrunn þess á vef sínum.

Nánari umfjöllun um þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og um stefnu og aðgerðir bankans á þessum sviðum á árinu má finna í fundargerðum peningastefnunefndar og í ritinu *Peningamál* sem var gefið út fjórum sinnum á árinu.

Peningastefnunefnd

Samkvæmt lögum tekur peningastefnunefnd Seðlabankans ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum. Stjórnþækin teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvæðanir, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavarálán, bindiskylda, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf.

Peningastefnunefndin var í byrjun árs skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, en seðlabankastjóri er samkvæmt lögum formaður nefndarinnar, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu og staðgengli formanns, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands og Herdís Steingrimsdóttur, dósent við Copenhagen Business School. Hinn 14. febrúar 2023 var Ásgerður Ósk Pétursdóttir, lektor við Háskólann í Bath á Englandi, skipuð í peningastefnunefnd og tók hún sæti Gylfa Zoëga sem setið hafði í nefndinni frá árinu 2009 en hann hafði setið hámarks skipunartíma í nefndinni.

Peningastefnunefnd hélt sex reglulega fundi á árinu 2023 og gaf út yfirlýsingu um ákvörðun sína eftir hvern fund. Þá birti nefndin fundargerðir sínar opinberlega og gerði grein fyrir ákvörðunum sínum og forsendum þeirra hálfum mánuði eftir að vaxtaákvörðun var tilkynnt. Þar kom fram mat nefndarinnar á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum, rökstuðningur nefndarmanna fyrir afstöðu sinni og upplýsingar um hvernig atkvæði skiptust. Í samræmi við ákvæði laganna gaf peningastefnunefnd Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á árinu.

Peningastefnunefnd setur sér sameiginlega langtímastefnu í peningamálum þar sem hún útfærir almennt umboð sitt sem kveðið er á um í lögum og yfirlýsingum sem unnið er eftir. Stefnan var samþykkt í nóvember 2022 og birt opinberlega í mars 2023.

Ákvarðanir peningastefnunefndar 2023

Ákvarðanir nefndarinnar um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum voru með eftirfarandi hætti:

8. febrúar: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 0,5 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra en Herdís Steingrimsdóttir hefði þó fremur kosið að hækka vexti um 0,75 prósentur.

22. mars: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 1 prósentu. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

24. maí: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 1,25 prósentur. Ásgeir Jónsson, Rannveig Sigurðardóttir, Ásgerður Ósk Pétursdóttir og Herdís Steingrimsdóttir greiddu atkvæði með tillöggunni. Gunnar Jakobsson greiddi atkvæði gegn tillögu

seðlabankastjóra og vildi hækka vexti um 1 prósentu. Seðlabankastjóri lagði einnig til að föst bindiskylda innlánsstofnana yrði hækkuð úr 1% í 2%. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

23. ágúst: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 0,5 prósentur. Ásgeir Jónsson, Rannveig Sigurðardóttir, Ásgerður Ósk Pétursdóttir og Herdís Steingrimsdóttir greiddu atkvæði með tillögunni. Gunnar Jakobsson greiddi atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra og vildi hækka vexti um 0,25 prósentur.

4. október: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Ásgeir Jónsson, Rannveig Sigurðardóttir og Gunnar Jakobsson greiddu atkvæði með tillögunni. Ásgerður Ósk Pétursdóttir studdi einnig tillöguna en hefði fremur kosið að hækka vexti um 0,25 prósentur. Herdís Steingrimsdóttir greiddi atkvæði gegn tillögunni og vildi hækka vexti um 0,25 prósentur.

22. nóvember: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.



Peningastefnunefnd eins og hún var skipuð í árslok, ásamt ritara nefndarinnar: Sitjandi frá vinstri eru Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður peningastefnunefndar, og Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu. Standandi frá vinstri eru Ásgerður Ósk Pétursdóttir, lektor við Háskólann í Bath á Englandi, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, Karen Áslaug Vignisdóttir, ritari nefndarinnar og Herdís Steingrimsdóttir, dósent við Copenhagen Business School.

Fjármálastöðugleiki



Almennt

Eitt af markmiðum Seðlabanka Íslands er að stuðla að fjármálastöðugleika. Í því felst að fjármálakerfið búi yfir nægum viðnámsþrótti til að standast áföll í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðum, geti miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti.

Seðlabankinn fylgist með og greinir stöðu fjármálakerfisins og bregst við ef þörf er á til að vinna gegn þróun sem gæti grafið undan stöðugleika þess. Bankinn fylgist jafnframt vel með stöðu einstakra fjármálafyrirtækja, fjármálamarkaða, fjármálainnviða, heimila og fyrirtækja, ytri stöðu þjóðarbúsins, fjármagnsflæði og endurfjármögnunaráhættu innlendra aðila á erlendum lánsfjármörkuðum. Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans á sviði fjármálastöðugleika til að auka viðnámsþrótt og varðveita stöðugleika.

Seðlabankinn skal einnig stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.


Staða fjármálastöðugleika


Aflétting sóttvarnaðgerða bæði hér á landi og erlendis árið 2022 hafði mikil og jákvæð áhrif á innlent efnahagslíf og umsvif í ferðaþjónustu jukust verulega í kjölfarið. Hagvöxtur á fyrri helmingi ársins 2023 var mikill og einkaneysla þróttmikil. Aðhald peningastefunnar jókst umtalsvert á árinu 2023 og greiðslubyrði margra heimila og fyrirtækja þyngdist, einkum þeirra sem voru með óverðtryggðar skuldir með breytilegum vöxtum. Áhrif hertrar peningastefnu komu vel fram á seinni hluta ársins 2023 þegar verulega dró úr hagvexti

og samdráttur varð í einkaneyslu. Geta heimila til að standa við skuldbindingar sínar breyttist þó almennt ekki mikið á árinu þar sem atvinnuleysi var lítið, laun hækkuðu og skuldir margra heimila voru á blönduðu formi, t.d. bæði í verðtryggðum og óverðtryggðum lánnum, ýmist á föstum eða breytilegum vöxtum.

Kröftugur efnahagsbati síðustu misseri, hækkun launa, lítið atvinnuleysi og meira aðhald þjóðhagsvarúðarstefnu höfðu jákvæð áhrif á fjármálastöðugleika. Jafnframt var skuldsetning heimila og fyrirtækja, t.d. miðað við VLF, með því lægsta sem sést hefur um langa hríð hér á landi, sbr. mynd III-1. Á móti þessari jákvæðu þróun vegur að verðbólga var mikil og vextir háir sem hafði neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika.

Viðskiptabankarnir voru reknir með góðum hagnaði og arðsemi á árinu þrátt fyrir krefjandi aðstæður





á fjármálamörkuðum. Hátt vaxtastig leiddi til aukinna vaxtatekna og viðsnúningur varð í fjármálatekjum. Þrátt fyrir að kostnaður bankanna hafi hækkað nokkuð á árinu styrktist grunnrekstur þeirra þar sem grunntekjur hækkuðu meira en kostnaður.

Samhliða háu vaxtastigi dró verulega úr veitingu nýrra útlána á árinu. Útlán bankanna jukust að nafnvirði en sé tillit tekið til verðbólgu lækkaði fjárhæð útlána að raunvirði. Varúðarframlag sem fært var í virðisýrnisunarsjóð vegna faraldursins var endanlega fært niður á árinu en þar var um lágjar fjárhæðir að ræða. Þrátt fyrir háa vexti var virðisýrnisun lána á árinu hófleg. Hlutfall útlána í vanefndum hjá fyrirtækjum og heimilum breyttist lítið og fjárhæð útlána fyrirtækja með ívilnun lækkaði umtalsvert.

Aðgengi viðskiptabankanna að erlendu fjármagni batnaði þegar leið á árið 2023 samhliða betri aðstæðum á erlendum lánsfjármörkuðum. Vaxtaálag á skuldabréf bankanna í erlendum gjaldmiðlum hækkaði síðla vetrar en lækkaði svo fram að hausti þegar það tók að hækka lítillga en lækkaði svo aftur undir lok ársins. Órói á fjármálamörkuðum í mars 2023 vegna gjaldþrota banka í Bandaríkjunum og rekstrarvanda banka í Sviss hafði neikvæð áhrif á aðgengi íslensku bankanna að erlendum lánsfjármörkuðum en það stóð stutt yfir. Lausafjárstaða íslensku bankanna var mjög góð í lok ársins, vel yfir kröfum Seðlabankans. Eiginfjárstaða bankanna var jafnframt góð í árslok og vel yfir lögbundnum lágmarkum, þrátt fyrir umtalsverðar arðgreiðslur og endurkaup eigin hlutabréfa á árunum 2021 til 2023.

Viðnámspróttur viðskiptabankanna var því mikill í lok ársins 2023 en sterkt og öflugt bankakerfi skiptir sköpum við að viðhalda starfhæfu fjármálakerfi og varðveita fjármálastöðugleika. Slík staða er mjög mikilvæg nú þar sem óvissa ríkir um alþjóðlegar efnahagshorfur og innanlands er staðan jafnframt viðkvæm. Sýnilegur árangur hefur náðst í að draga úr verðbólgu í helstu viðskiptalöndum og vænta markaðsaðilar þess að vextir fari að lækka sem hefði jákvæð áhrif á efnahagssumsvif. Hins vegar sér ekki fyrir endann á stríðinu í Úkraínu og staðan í Mið-Austurlöndum er alvarleg.

Netöryggi og alþjóðleg samvinna


Líkt og undanfarin misseri voru netöryggismál hvarvetna í brennidepli en netógnir vaxa og taka breytingum ár frá ári. Netárásur eða tilraunum til slíkra árása fjölga stöðugt bæði hér á landi og á heimsvísu og er mikilvægt að mati Seðlabankans að efla sem allra frekast varnir gegn þessari þróun og hvers kyns samstarf sem miðar að því. Áherslur seðlabanka hafa víða verið á þann veg að leita varaleiða í því skyni að stuðla að virkri og öruggri greiðslumiðlun, þ.m.t. ef til neyðar kemur af völdum netárása.

Seðlabankinn lagði ríka áherslu á netöryggismál á árinu og tók þátt í ýmsum viðburðum á þessu sviði. Hér má nefna netöryggisráðstefnu sem seðlabankar Norðurlandanna standa að árlega og var á árinu 2023 haldin í Kaupmannahöfn í boði danska seðlabankans. Meginmarkmið þessara ráðstefna er að skapa vitundarvakningu og auka þekkingu á netöryggismálum, einkum fyrir þá sem starfa innan fjármálakerfisins.

Seðlabankinn tók á árinu þátt í netöryggisæfingunni *Skjaldborg* (e. Locked Shields) sem öndvegissetur NATO í netöryggismálum í Tallinn stóð fyrir, en þar er um að ræða stærstu netöryggis- og netvarnaræfingu sem Ísland hefur tekið þátt í fram til þessa. Þetta var í fyrsta sinn sem Ísland tók þátt en auk Seðlabankans tóku þátt í æfingunni fyrir Íslands hönd sérfræðingar frá netöryggisveit fjarskiptastofu (CERT-IS), Landhelgisgæslunni, Ríkislögreglustjóra, Reiknistofu bankanna og utanríkisráðuneytinu. Ísland var í liði með Svíþjóð og bar sigur úr býtum á æfingunni en teymið var leitt af fulltrúa netvarna sænska hersins og fulltrúa íslenska utanríkisráðuneytisins.¹

Reglulegir fundir voru haldnir á árinu 2023 á samstarfsvettvangi um rekstraröryggi fjármálainnið (SURF) sem Seðlabankinn leiðir. SURF hefur það m.a. að markmiði að efla netöryggisvarnir og viðnámsprótt

1. Sjá hér: [Locked Shields](#).



fjármálakerfisins gegn netárásam. Einnig sat bankinn á árinu fundi netöryggisráðs stjórnvalda og tók þátt í vinnustofu á vegum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneytis vegna áforma um samstarf á sviði netöryggis milli stjórnvalda og atvinnulífs sem m.a. hefur verið kynnt í *Samráðsgátt* stjórnvalda.

TIBER-IS-verkefni Seðlabankans miðaði áfram á árinu en um er að ræða umgjörð fyrir netárásarprófanir fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru mikilvæg fyrir íslenskt fjármálakerfi. Þannig ákvað Seðlabankinn á fyrri hluta ársins að innleiða umgjörð Seðlabanka Evrópu (ECB), TIBER-EU, og birti af því tilefni leiðbeiningar um íslensku umgjörðina, TIBER-IS. Umgjörðin var á árinu kynnt fyrir þátttakendum sem eiga aðild að fyrrgreindum samstarfsvettvangi Seðlabankans, SURF.²

2. Sjá hér: [Netöryggisprófanir TIBER-IS](#).

Greiðslumiðlun

Seðlabankinn á og rekur millibankakerfi (MBK) sem skilgreint er sem kerfislega mikilvægur innviður. Ákveðið hefur verið að viðmið PFMI-kjarnareglna BIS og netöryggisleiðbeininga CPMI/IOSCO skuli lögð til grundvallar við rekstur og yfirsýn MBK.³ Á árinu hófst úttekt MBK gagnvart PFMI og er áætlað að henni ljúki í byrjun árs 2025.

Í samvinnu við forsætisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið vann Seðlabankinn að gerð frumvarps um breytingu á lögum um Seðlabankann með það að markmiði að styrkja heimildir bankans til að setja reglur í þágu aukins viðnámsþróttar í greiðslumiðlun. Langflestar rafrænar greiðslur fara í dag um greiðslukortainnviði alþjóðlegra kortasamsteypna og flestar fjártæknilausnir byggjast á þessum innviðum. Slík samþjöppun er til þess fallin að auka áhættu í greiðslumiðlun. Eitt það mikilvægasta fyrir viðnámsþrótt smágreiðslumiðlunar er að neytendum og fyrirtækjum bjóðist fjölbreyttir greiðslumöguleikar til að takast á við áföll sem tengjast greiðslumiðlun. Verði frumvarpið að lögum fær Seðlabankinn heimild til reglusetningar sem myndi tryggja innlenda óháða greiðslumiðlun, þ.e. að koma á nýjum grunninnviði sem myndi opna á frekari framfarir á smágreiðslumarkaði, auka samkeppni og notkun fjártækni í greiðslumiðlun. Frumvarpsdrög voru birt í *Samráðsgátt* stjórnvalda í lok nóvember 2023 og frumvarpið var lagt fyrir Alþingi í byrjun febrúar 2024.

Greiðsluveitan ehf.

Greiðsluveitan ehf. er félag í 100% eigu Seðlabankans og hefur það meginhlutverk að leiða samræmingu og framþróun fjármálainnviða fyrir greiðslumiðlun á Íslandi í umboði Seðlabankans.

Greiðsluveitan hefur umsjón með þremur samstarfsvettvöngum fyrir hönd Seðlabankans: fram tíðarvettvangi, reglubókaráði og greiðsluráði. Fram tíðarvettvangur hefur haft til umfjöllunar tillögur um mögulegt samstarf á sviði fjármálainnviða, þ.a.m. samrekstur hraðbanka, samstarf um erlendar greiðslur og samstarf um innlenda óháða smágreiðslulausn. Reglubókaráð vann að útgáfu reglubókar fyrir rauntímagreiðslumiðlun og voru drög að reglubók birt til umsagnar. Á vegum greiðsluráðs var stofnaður vinnuhópur sem

3. PFMI, Principles for Financial Market Infrastructures, eru kjarnareglur um innviði fjármálamarkaða og CPMI stendur fyrir nefnd um greiðslu- og markaðsinnviði sem vistuð er hjá Alþjóðagreiðslubankanum (BIS) og IOSCO fyrir Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði.

hefur skoðað viðbrögð aðila í verslun og þjónustu við rofi í greiðslumiðlun hér á landi.

Greiðsluveitan er þátttakandi í alþjóðlegu samstarfsverkefni á vegum Evrópusambandsins um sam-evrópska stafræna veskislausn sem býður upp á greiðslur milli landa (EU Digital Wallet).

Skilavald

Skilavald er hluti af Seðlabanka Íslands og starfar í samræmi við lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020. Skilavaldið hefur heimild til að taka ákvarðanir um skilameðferð og beitingu skilauurræða hjá fjármálafyrirtækjum sem teljast vera á fallanda fæti (e. failing or likely to fail), þ.e. geta ekki eða munu ekki geta staðið við skuldbindingar sínar.

Á árinu 2023 var stórt skref stigið við innleiðingu annarrar tilskipunar ESB um endurbætur og skilameðferð banka (BRRD II) með samþykkt laga nr. 63/2023, sem uppfærði lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. BRRD II mun teljast að fullu innleidd þegar fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur gefið út reglugerð um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) og í kjölfar þess reglur sem innleiða nauðsynlega tækniáætla.

Meginverkefni skilavaldsins er að semja skiláætlanir fyrir fjármálafyrirtæki og undirbúa þannig mögulegt fall fjármálafyrirtækja. Skiláætlanir byggjast á stefnumiðaðri viðskiptagreiningu þar sem eru m.a. dregin fram nauðsynleg starfsemi og kjarnastarfs svið hvers fyrirtækis. Í skiláætlunum skal ákvarða æskilegustu skilastefnu, greina mögulegar útfærslur á æskilegustu skilastefnu og öðrum skilastefnum og tilgreina þær aðgerðir sem skilavaldið mun grípa til ef sú staða kemur upp að tiltekið fjármálafyrirtæki er á fallanda fæti. Við samþykkt skiláætlunar er tekin ákvörðun um MREL-kröfur fyrir hvert fyrirtæki. Á haustmánuðum 2023 voru skiláætlanir fyrir kerfislega mikilvægu bankana þrjá (KMB) uppfærðar. Undir árslok var lokið við fyrstu skiláætlanir fyrir fjóra sparisjóði og þær samþykktar í ársbyrjun 2024. Um var að ræða skiláætlanir fyrir Sparisjóð Höfðhverfinga ses., Sparisjóð Strandamanna ses., Sparisjóð Suður-Þingeyinga ses. og Sparisjóð Austurlands hf.

Breytingar á reglum

Nýjar reglur Seðlabankans, nr. 1520/2022, um lausafjárhlutfall lánastofnana, tóku gildi 1. janúar 2023 og leystu af hólmi eldri reglur frá árinu 2017 um sama efni. Með nýjum reglum var innleitt 80% lágmarks lausafjárhlut-

fall í evrum fyrir lánastofnanir þar sem skuldbindingar í evrum nema 10% eða meira af heildarskuldbindingum viðkomandi lánastofnunar. Samhliða þessum nýju kröfum féll úr gildi krafa samkvæmt eldri reglum um 100% lausafjárhlutfall í öllum erlendum gjaldmiðlum samtals. Áfram gildir lausafjárhlutfall að lágmarki 100% í öllum gjaldmiðlum samtals ásamt kröfu um að lánastofnanir uppfylli að lágmarki 50% lausafjárhlutfall í íslenskum krónum.

Nýjar reglur Seðlabankans, nr. 218/2023, um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, voru birtar á árinu með gildistöku 1. júní 2023 og leystu þær af hólmi eldri reglur frá árinu 2018 um sama efni. Breytingarnar sem nýju reglurnar fólu í sér voru fyrst og fremst þær að með gildistöku þeirra var þriggja ára lágmarks-binditími verðtryggðra innlána og fimm ára lágmarkstími verðtryggðra útlána afnuminn. Breytingarnar fólu einnig í sér að felld var úr gildi heimild til þess að miða við hlutabréfavísitölu í lánsamningi þegar ekki er um að ræða neytendalán eða fasteignalán til neytenda. Það var m.a. gert með hliðsjón af því að ákvæði sama efnis má finna í lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Fjármálastöðugleikanefnd

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Nefndinni er falið að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, skilgreina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja fjármálastöðugleika og ákveða hvaða aðilar, innviðir eða markaðir teljist kerfislega mikilvægir. Fjármálastöðugleikanefnd getur beint ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til um nauðsynlegar aðgerðir til að efla og varðveita fjármálastöðugleika. Þá samþykkir nefndin einnig stjórnvaldsfyrirmæli og tekur þær ákvarðanir sem henni er falið að taka með lögum.

Fjármálastöðugleikanefnd er skipuð seðlabankastjóra, öllum þremur varaseðlabankastjórunum og þremur sérfræðingum utan bankans. Þá situr ráðuneytisstjóri, eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika, fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Fjármálastöðugleikanefnd var árið 2023 skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem var jafnframt formaður, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, sem var staðgengill formanns, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu, Unni Gunnarsdóttur, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, til vors og Björk Sigurgísladóttur, nýs

varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, eftir það, Axel Hall, lektor við Háskólann í Reykjavík, Bryndísi Ásbjarnardóttur, forstöðumanni grunnnáms viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans í Reykjavík, og Guðmundi Kristjáni Tómassyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálainnviða hjá Seðlabanka Íslands.

Fjármálastöðugleikanefnd fundaði alls fjórum sinnum á árinu. Nefndin birtir ákvarðanir sínar opinberlega í yfirlýsingu eftir fundi nefndarinnar og gerir þar grein fyrir beitingu stjórnþækja á sviði fjármálastöðugleika ásamt mati sínu á ástandi og horfum í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Fundargerðir nefndarinnar eru birtar opinberlega á heimasíðu Seðlabanka Íslands. Í fundargerðunum og í ritinu *Fjármálastöðugleiki*, sem var gefið út tvisvar á árinu, má finna nánari umfjöllun um fjármálastöðugleika og um stefnu og aðgerðir bankans á þessu sviði. Í samræmi við ákvæði laga um bankann gaf fjármálastöðugleikanefnd Alþingi á árinu skýrslu um störf sín.

Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar 2023

Á fundi sínum í mars 2023 ákvað fjármálastöðugleikanefnd að hækka gildi sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki úr 2% í 2,5% af innlendum áhættugrunni með gildistöku í mars 2024. Í fundargerð nefndarinnar í mars kom fram að greining á stöðu sveiflutengdrar kerfisáhættu benti til að hún hefði vaxið á síðustu árum og væri nálægt eða fyrir ofan meðaltal síðustu ára. Munaði þar mest um hraðar hækkunir á fasteignamarkaði frá upphafi COVID-faraldursins og mikla verðbólgu sem hefði áhrif á greiðslubyrði og greiðslugetu. Megintilgangur sveiflujöfnunaraukans væri að auka viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja gagnvart sveiflutengdri kerfisáhættu og veita þeim þannig svigrúm til þess að mæta tapi og viðhalda lánsfjárframboði á álagstímum. Í yfirlýsingu nefndarinnar í mars kom fram að bankarnir væru vel í stakk búnir til að mæta aukinni eiginfjárkröfu og viðhalda á sama tíma framboði lánsfjár. Eiginfjár- og lausafjárstaða þeirra væri sterk og sveiflujöfnunaraukinn væri mikilvægur þáttur í viðnámsþoli bankakerfisins. Hækkunin væri til þess fallin að auka enn frekar viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja í ljósi þeirrar áhættu sem byggst hefði upp. Hækkun aukans í 2,5% skapaði frekara svigrúm til að lækka hann seinna kæmi til efnahagssamdráttar sem valdið gæti skerðingu á lánsfjárframboði.

Fjármálastöðugleikanefnd lauk árlegu endurmati á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum og eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis í desember 2023.

Nefndin staðfesti kerfislegt mikilvægi Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. Ákveðið var að halda eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis óbreyttum í 2% á allar áhættuskuldbindingar kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja.

Fjármálastöðugleikanefnd fjallaði um fasteignamarkaðinn á öllum fundum sínum á árinu og ákvað að halda lánþegaskilyrðum óbreyttum. Hámark greiðslubyrðar af fasteignalánum var því 35% af ráðstöfunartekjum árið 2023 en 40% fyrir fyrstu kaupendur og hámark veðsetningarhlutfalls var 80% af markaðsverði en 85% fyrir fyrstu kaupendur.

Í yfirlýsingu sínum á árinu lagði fjármálastöðugleikanefnd ríka áherslu á að stjórnvöld og Seðlabankinn ynnu að því að auka öryggi í innlendri greiðslumiðlun og hraða innleiðingu óháðrar smágreiðslulausnar meðal annars með vísan til vaxandi netógnar. Nefndin fjallaði um greiðslumiðlun á öllum fundum ársins og taldi einn helsta áhættuþátt fjármálastöðugleika vera netáhættu. Í desember voru drög að frumvarpi um rekstraröryggi í greiðslumiðlun kynnt fyrir nefndinni. Á fundum nefndarinnar kom einnig fram að tilkynningum um netárásir hefði fjölgað og þeim væri í auknum mæli beint að mikilvægum innviðum. Þá var fjallað um rekstraröryggi og viðbragðsáætlanir sem ganga út á að varðveita greiðslumiðlun ef netsamband við útlönd rofnar og greiðslukort sem treysta á erlenda innviði alþjóðlegra kortasamsteypa verða óvirk. Nefndin fékk kynningu á reiðufé sem þrautavaralausn og voru nefndarmenn á einu máli um mikilvægi þess að koma sem fyrst á óháðri innlendri greiðslumiðlun, að styrkja net- og rekstraröryggi fjármálafyrirtækja og treysta rekstrarsamfellu.



Fjármálastöðugleikanefnd, eins og hún var í árslok, ásamt ritara nefndarinnar. Sitjandi frá vinstri eru Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu, Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits. Standandi frá vinstri eru Rósa Björk Sveinsdóttir ritari, Guðmundur Kristján Tómasson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármálainnviða hjá Seðlabanka Íslands, Axel Hall, lektor í Háskólanum í Reykjavík, Bryndís Ásbjarnardóttir, forstöðumaður grunnnáms viðskipta- og hagfræðideildar í Háskólanum í Reykjavík, og Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti (með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar).

Fjármálaeftirlit

IV

Seðlabanki Íslands skal stuðla að traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Seðlabankinn fer með þau verkefni sem fjármálaeftirliti eru falin í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Bankinn fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli og að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, samanber lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Þá fylgist bankinn með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila taki mið af neytendavernd.

Fjármálaeftirlitsnefnd

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans tekur þær ákvarðanir sem taldar eru upp í 1. mgr. 15. gr. laga um Seðlabanka Íslands, m.a. um álagningu stjórnvaldssekta, dagsekta, kæru til lögreglu vegna meintra brota, afturköllun starfsleyfis vegna alvarlegra eða ítrekaðra brota og frávikningu stjórnarmanns og framkvæmdastjóra vegna brotlegar háttsemi. Þá setur nefndin stefnu um beitingu stjórnsýsluviðurlaga og þvingunarúrræða og skal veita umsögn um stefnumarkandi áherslur í fjármálaeftirliti.

Á árinu 2023 hélt fjármálaeftirlitsnefnd 12 fundi en auk þess tók nefndin nokkur mál til meðferðar utan funda eins og henni er heimilt að gera. Eftir laga-breytingu sem samþykkt var á árinu er seðlabankastjóri formaður nefndarinnar en hann hafði áður gegnt formennsku í henni í sérstaklega tilgreindum tilvikum.

Í fjármálaeftirlitsnefnd sátu árið 2023 Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, Unnur Gunnarsdóttir vara-seðlabankastjóri fjármálaeftirlits, staðgengill formanns, til vors þegar Björk Sigurgísladóttir, nýr vara-seðlabankastjóri fjármálaeftirlits, tók við, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika,

Ásta Þórarinsdóttir hagfræðingur, Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Gunnar Þór Pétursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík. Seðlabankastjóri varð formaður nefndarinnar með lagabreytingu sem tók gildi í júní 2023, eins og nánar er lýst í kafla VI.

Í ritinu *Fjármálaeftirlit* sem gefið er út einu sinni á ári er nánar fjallað um starfsemi bankans á sviði fjármálaeftirlits. Í samræmi við ákvæði laga um bankann gefur fjármálaeftirlitsnefnd Alþingi árlega skýrslu um störf sín á liðnu ári.

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum

Undireftirlit Seðlabanka Íslands með fjármálafyrirtækjum fellur m.a. eftirlit með viðskiptabönkum, sparisjóðum, lána-fyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum, greiðslustofnunum og rafeyrisfyrirtækjum. Reglubundið eftirlit með fjármálafyrirtækjum er í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem skilgreinir með hvaða tíðni helstu áhættuþættir í rekstri fyrirtækjanna eru teknir til athugunar og felur í sér yfirferð gagna í reglubundnum skilum fjármálafyrirtækja auk greiningar á viðskiptalíkani og mats á stjórnarháttum og innra eftirliti. Einnig eru framkvæmdar sértækar athuganir og greiningar ásamt því að viðtöl eru tekin við tiltekna lykilstarfsmenn fyrirtækjanna.

Þrír viðskiptabankar, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf., eru skilgreindir sem kerfislega mikilvægir bankar (KMB) af fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans. Samsetning á útlánasafni kerfislega mikilvægu bankanna hefur tekið töluverðum breytingum síðustu ár þar sem snarpur vöxtur í útlánum til heimila gerði það að verkum að þau urðu meirihluti af útlánasafni þeirra. Síðustu misseri hefur þó verulega

dregið úr þeim vexti. Vegna umfangs óverðtryggðra útlána og breytts vaxtaumhverfis hefur eftirlitið hvatt bankana til að fylgjast vel með og meta áhættu vegna þessa. Vegna ótryggs efnahagsástands og stríðsátaka í heiminum hefur óvissa um útlánagæði á heimsvísu aukist og hefur því eftirlit með útlánaáhættu fengið aukið vægi, m.a. með tíðari vettvangsathugunum. Einnig hafa jarðhræringarnar og eldsumbrotin í Grindavík og nágrenni haft neikvæð áhrif innanlands þar sem búast má við að væntanlegar aðgerðir í tengslum við þau muni auka eftirspurn á húsnæðismarkaði og mögulega leiða til verðhækkunar á húsnæði. Fjármálaeftirlitið hefur líka fylgst með útlánagæðum, m.a. vegna vaxta-breytinga, mikillar verðbólgu og umfangs greiðslúr-ræða þeim tengdum og í tengslum við heimsfaraldur-inn. Í flestum tilfellum hafa útlán þeirra sem þegið hafa greiðslúræði verið skilgreind sem ívilnun (e. forbearance) og í skilum. Hlutfall útlána með ívilnun hefur farið lækkandi og búast má við að hlutfallið haldi áfram að lækka. Vanskilahlutföll (e. non-performing loans) samkvæmt skilgreiningu Evrópsku banka- eftirlitsstofnunarinnar (EBA) hjá kerfislega mikilvægu bönkunum héldust nokkuð stöðug á árinu og voru í árslok 2023 nálægt 1,4%. Virðisrýrnunarhlutföll eru fyrir nokkru orðin lægri en þau voru fyrir heimsfaraldurinn, en aukið vægi íbúðalána skýrir það að hluta til.

Á árinu 2023 var áfram lögð áhersla á rekstrar-áhættu við áhættumat á fjármálamarkaði og sér-staklega horft á útvistun í samræmi við áherslur fjár-málaeftirlitsins. Í ljósi áherslna fjármálaeftirlitsins og EBA á netöryggi og vegna vaxandi ógnar sem stafar af netárásam var lögð áhersla á að styrkja sérfræði-þekkingu eftirlitsins á þessu sviði svo það væri betur í stakk búið til að sinna þessum málaflokki af krafti á komandi árum. Upplýsingatækniöryggi er mjög víð-femt og flókið viðfangsefni sem tengist mjög víða í fjármálakerfi landsins og ekki síst greiðsluþjónustu. Fjármálaeftirlitið hóf á síðari hluta 2023 úttektir hjá greiðsluþjónustuveitendum með áherslu á að skoða leiðir þeirra til sterkar auðkenningar og að styrkja svikavarnir. Sérstaklega var kannað hvort framkvæmd greiðsluþjónustuveitenda reikningsþjónustu (e. ASPSP) gagnvart greiðsluþjónustuvirkjendum (e. PISP) væri í samræmi við lög og reglur. Þessar skoðanir munu halda áfram á árinu 2024.

Könnunar- og matsferli (SREP)

Fjármálaeftirlitið framkvæmir árlega ítarlegt könnun-ar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) hjá viðskiptabönkunum, en sjaldnar hjá öðrum fjármálafyrirtækjum. Í könnunar- og matsferlinu

leggur fjármálaeftirlitið mat á helstu áhættuþætti sem felast í starfsemi bankanna og með hvaða hætti þeir meðhöndla þá, þ.m.t. stýringu og eftirlit. Ferlið felur jafn-framt í sér að fjármálaeftirlitið leggur mat á og ákveður eiginfjárpörf banka undir stoð II-R sem segir til um það eigið fé sem er nauðsynlegt að hlutaðeigandi banki við-haldi vegna áhættu sem hann stendur frammi fyrir eða gæti staðið frammi fyrir, til viðbótar við grunnkröfu um eiginfjárgrunn undir stoð I. Könnunar- og matsferlið fer fram í samræmi við *Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum*. Viðmiðin eru endurskoðuð reglulega og eru í samræmi við viðmiðunarreglur EBA um sama efni.

Hinn 15. mars 2023 ákvað fjármálastöðugleika-nefnd að hækka gildi sveiflujöfnunarauka í 2,5%, með gildistöku 15. mars 2024, en gildi sveiflujöfnunaraukans var áður 2% af áhættugrunni vegna innlendra áhættu-skuldbindinga. Að mati nefndarinnar er sveiflujöfnunar-aukinn mikilvægur þáttur í viðnámspoli bankakerfisins. Mat fjármálastöðugleikanefndar var að hækkunin væri til þess fallin að auka enn frekar viðnámsþrótt fjármála-fyrirtækja í ljósi þeirrar áhættu sem byggst hefði upp og gæti raungerst á næstu misserum.

Í júlí 2023 var birt niðurstaða úr könnunar- og matsferli hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. um viðbótarkröfu um eiginfjár-grunn, til viðbótar við grunnkröfur um eiginfjárgrunn og samanlagða kröfu um eiginfjárauka. Samkvæmt ákvörðun fjármálaeftirlitsins nemur viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn KMB á bilinu 2,1% - 2,8%, m.v. 30. júní 2023, og heildarkrafa um eiginfjárgrunn þeirra á sam-stæðugrunni er á bilinu 19,4% - 20,1%.

Í júlí 2023 var einnig birt niðurstaða úr könnun-ar- og matsferli hjá Kviku banka hf. um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn, til viðbótar við grunnkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagða kröfu um eiginfjárauka. Samkvæmt ákvörðun fjármálaeftirlitsins nemur við-bótarkrafa um eiginfjárgrunn bankans 4% og heildar-krafa um eiginfjárgrunn á samstæðugrunni er 18,7%, m.v. 30. júní 2023.

Endurbótaáætlanir

Að mati fjármálaeftirlitsins uppfylla endurbótaáætlanir nú almennt þær formkröfur um efni og innihald sem til þeirra eru gerðar. Áherslur fjármálaeftirlitsins við yfir-ferð endurbótaáætlana hafa breyst frá því sem áður var og er nú meiri áhersla lögð á greiningar á ein-stökum þáttum í stað yfirferðar sem beinist að formi og efni þeirra í heild sinni. Fjármálaeftirlitið lauk yfirferð á endurbótaáætlunum kerfislega mikilvægra banka og Kviku banka hf. á árinu 2023. Auk almennra ábendinga

varðandi efni og framsetningu benti fjármálaeftirlitið á mikilvægi þess að viðhalda efni endurbótaáætlana þannig að þær væru ávallt uppfærðar og tilbúnar til notkunar og nýttust sem stýritæki í rekstri. Þá var farið fram á að viðskiptabankarnir framkvæmdu viðeigandi úttektir og æfingar til að greina veikleika og tryggja skilvirka og fumlausa framkvæmd komi til þess að virkja þurfi viðbúnað samkvæmt endurbótaáætlun. Þess má einnig geta að Seðlabankinn hefur unnið að uppfærslu á eigin viðbragðsáætlunum vegna fjármála fyrirtækja.

Eftirlit með váttryggingastarfsemi

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með váttryggingafélögum og öðrum aðilum sem selja váttryggingar. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins en þar er skilgreint hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri váttryggingafélaganna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sértækar athuganir eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á markaði eru greind og fylgst náið með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfshættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá er eigið áhættumat váttryggingafélaga tekið til skoðunar og viðtöl tekin við tiltekna lykilstarfsmenn. Reglubundið eftirlit með váttryggingafélögum snýr m.a. að gjaldþolsstöðu þeirra og getu til að mæta fjárhagslegum skuldbindingum. Fjármálaeftirlitið fer yfir reglubundin gagnaskil og tekur viðtöl við forstjóra, ábyrgðaraðila lykilstarfssviða og endurskoðendur félaganna. Þá metur fjármálaeftirlitið árlega þá áhættu sem snýr að rekstri váttryggingafélaga, í samræmi við *Almenn viðmið og aðferðafræði vegna eftirlitsferlis Fjármálaeftirlitsins með váttryggingafélögum*. Samstarf við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina (EIOPA) er stór hluti af reglubundnu eftirliti með váttryggingafélögum, en áherslur EIOPA endurspeglast m.a. í verkáætlun fjármálaeftirlitsins auk þess sem laga- og regluverk á váttryggingamarkaði er unnið hjá EIOPA og er fylgst grannt með þeirri vinnu.

Á árinu 2023 var lögð áhersla á gagnagæði í reglulegum gagnaskilum váttryggingafélaga og auk þess á forsendur útreikninga gjaldþolskröfu samkvæmt staðalreglu. Einnig var lögð áhersla á verklag og ferla váttryggingafélaga vegna rekstraráhættu, umgjörð útvistunar, viðbragðsumgjörð, skýjaþjónustu og upplýsingatækni. Þá var fjármálaeftirlitið í samskiptum við Náttúruhamfaratryggingu Íslands og önnur váttryggingafélög í undanfara þess að neyðarástandi var lýst yfir í Grindavík og bærinn rýmdur 10. nóvember 2023.

Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins en þar er skilgreint hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri lífeyrissjóðanna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sértækar athuganir eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á markaði eru greind og fylgst náið með því að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfshættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá er eigið áhættumat lífeyrissjóða tekið til skoðunar og viðtöl tekin við tiltekna lykilstarfsmenn.

Á árinu 2023 var lögð áhersla á stjórnarhætti, rekstraráhættu og útvistun. Mat var lagt á áhættuvitund stjórnar, áhættumeningu, greiningu á hagsmunarárekstrum ásamt því að kanna eftirlitskerfi lífeyrissjóða. Þá var útvistun lífeyrissjóða skoðuð sem og eftirlit þeirra með útvistuðum verkefnum. Jafnframt var hafin úttekt á stýringu lífeyrissjóðanna á sjálfbærniáhættu, nánar tiltekið loftslagsáhættu.

Eftirlit með verðbréfamarkaði

Eftirlit með verðbréfamarkaði stuðlar meðal annars að því að hann sé skilvirkari og öruggari en ella. Eftirlitið fer m.a. fram með viðvarandi eftirliti með upplýsingagjöf útgefenda verðbréfa, eftirliti með viðskiptahegðun þátttakenda á markaði, svo sem mögulegum innherjasvikum og markaðsmisnotkun, en einnig með athugunum á gagnaskilum eftirlitsskyldra aðila til fjármálaeftirlitsins. Þá hefur fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi skipulegra markaða, eða Kauphallar Íslands hf., og tveimur verðbréfamíðstöðvum.

Á árinu 2023 hóf fjármálaeftirlitið rannsókn á 33 málum sem komu upp á verðbréfamarkaði, þar af byggðust 16 þeirra á ábendingum frá Kauphöllinni. Flest málanna vörðuðu upplýsingaskyldu útgefenda og meinta markaðsmisnotkun. Af þeim málum sem tekin voru til rannsóknar var 16 lokið á árinu og líkt og fyrri ár lauk flestum málum án niðurstöðu um brot. Einu máli lauk með stjórnvaldssekt og öðru með sátt, auk þess sem nokkrum málum var lokið með niðurstöðu um brot án beitingar viðurlaga.

Sem fyrr var lögð áhersla á vettvangsathuganir í tengslum við tilkynningar fjármála fyrirtækja um viðskipti með fjármálagerninga (TRS II) þar sem gerðar voru úttektir á innra skipulagi sem ætlað er að tryggja

gæði tilkynninganna. Þrjár slíkar vettvangsathuganir hófust á árinu og var þeim ólokið í árslok. Þá lauk fjármálaeftirlitið athugun hjá Kauphöll Íslands hf. þar sem markmið athugunarinnar var að kanna fyrirkomulag útvistarar.

Þrátt fyrir lækkanir á aðalmarkaði Kauphallarinnar varð aukningin í fjölda tilkynninga um skortstöður milli ára ekki mikil. Fjöldi staðfesta lýsinga stóð í stað á milli ára, en tvö almenn útboð hlutabréfa og taka þeirra til viðskipta á skipulegum markaði fóru fram á árinu, þegar Hampiðjan hf. og Ísfélag hf. voru skráð á aðalmarkaðinn. Þá voru tvær lýsingar til viðbótar staðfestar vegna flutnings af First North yfir á aðalmarkað, þegar Amaroq Minerals Ltd. og Kaldalón hf. færðust milli markaða, líkt og Hampiðjan gerði raunar líka samhlíða útboði. Jafnframt var Origo hf. afskráð á árinu.

Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi eftirlitskyldra aðila sé í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Markmið fjármálaeftirlitsins er m.a. að stuðla að fagmennsku, sanngirni og heiðarleika við veitingu þjónustu á fjármálamarkaði í því skyni að efla fjárfesta- og neytendavernd. Fjármálaeftirlitið framkvæmir fjölda athugana sem tengjast viðskiptaháttum ár hvert, bæði að eigin frumkvæði og einnig í kjölfar ábendinga sem berast eftirlitinu. Þá hafa ýmsar greiningar á hegðun fjárfesta farið fram, s.s. á fjárfestingum og áhættusækni almennra fjárfesta.

Markmið viðskiptaháttaeftirlits er m.a. að tryggja að starfsemi eftirlitskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur, í því skyni að efla fjárfestavernd og traust á fjármálamarkaðinum. Undir viðskiptahætti fellur m.a. upplýsingagjöf eftirlitsskyldra aðila til viðskiptavina, flokkun viðskiptavina, skráning og varðveisla gagna, þ.m.t. símtala, og meðhöndlun kvartana. Þar af leiðandi geta hvers kyns samskipti milli eftirlitsskyldra aðila og viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina er varða veitingu fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi fallið undir meginreglur um viðskiptahætti.

Á árinu 2023 lauk fjármálaeftirlitið ýmsum athugunum sem snertu viðskiptahætti og málefni neytenda. Áframhald var á umfangsmiklum athugunum á framkvæmd innlendra sölu- og umsjónaraðila í útboði Bankasýslu ríkisins á 22,5% eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. sem fram fór á vordögum 2022. Tveimur athugunum á framkvæmd í útboðinu lauk á árinu, annarri með sátt en hinn með niðurstöðu um brot og birtingu gagnsæistilkynningar. Tilkynningar

um niðurstöður athugananna voru birtar á heimasíðu Seðlabankans. Öðrum athugunum vegna sama hluta-fjárútboðs var ólokið á árinu.

Á árinu 2023 var styrkari stoðum rennt undir viðskiptaháttaeftirlit, en fleiri starfsmenn sinna því nú en áður. Það er í samræmi við stefnumarkandi áherslur fjármálaeftirlitsins og áherslur evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði (EBA, EIOPA og ESMA).

Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum. Lykilþáttur í slíku eftirliti snýr að því hvort umræddir sjóðir fjárfesti í samræmi við lagaheimildir og eigin reglur. Þá nær eftirlitið einnig til áhættustýringar, hagsmunaárekstra og lausafjárstýringar sjóða sem og skyldna vörsluaðila slíkra sjóða. Á árinu 2023 var lögð áhersla á aukin gagnagæði á sjóðamarkaði, ásamt því að fá betri og skilvirkari sýn eftirlitsaðila á innsend gögn. Þá var erlendum sérhæfðum sjóðum veittur aðgangur að gagnaskilakerfi Seðlabankans til að gera gagnaskil þessara aðila skilvirkari en áður.

Á árinu 2023 barst talsverður fjöldi umsókna um markaðssetningarheimild fyrir erlenda rekstraraðila sérhæfðra sjóða til fagfjárfesta hér á landi en um er að ræða svonefnda þriðja ríkis aðila sem staðsettir eru utan EES.

Eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið sinnir áhættumiðuðu eftirliti með tilkynningarskyldum aðilum í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilkynningarskyldir aðilar undir eftirliti voru 105 í árslok 2023.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi fjölda athugana á árinu hjá tilkynningarskyldum aðilum. Þar á meðal voru fjórar vettvangsathuganir, sem og annars konar athuganir, er vörðuðu meðal annars eftirfylgni vegna fyrri athugana á áhættumati og áhættumiðuðum aðgerðum.

Á árinu lauk Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) við heildstæða úttekt á íslenska fjármálakerfinu (e. Financial Sector Assessment Program, FSAP). Tilgangur úttektarinnar var að kanna viðnámsþrótt fjármálakerfisins, gæði reglusetningar og eftirlits og burði til að takast á við fjármálaáföll. Úttektin tók meðal annars

til eftirlits með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Niðurstaðan var að gerðar voru tillögur að úrbótum varðandi áhættumat fjármálaeftirlitsins á tilkynningarskyldum aðilum ásamt eftirliti með bönkum og þjónustuveitendum sýndareigna.

Þá birti AGS skýrslu um svæðisbundna úttekt á Norðurlöndunum og Eyrstrasaltsríkjunum á flæði fjármuna, eftirliti með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og fjármálastöðugleika. Um var að ræða tæknilega aðstoð AGS í samstarfi við stjórnvöld í ríkjunum til að auka frekar skilvirkni umgjörðar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, bæði á landsvísu og svæðisbundið. Seðlabankinn telur greininguna og niðurstöðuna gagnlega og vonast til að einkageirinn og önnur ríki geti dregið mikilvægan lærdóm af bæði reynslu og góðum starfsháttum á svæðinu. Seðlabankinn mun áfram vinna að frekari úrbótum er varða eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og aðgerðaráætlun bankans er í samræmi við tillögur í skýrslu AGS.

Á árinu var gefið út fræðslufni um áhættuþætti vegna sýndareigna og haldinn fræðslufundur fyrir lánveitendur neytendalána. Auk þess var haldin ráðstefna um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þar sem saman voru komnir bæði innlendir og erlendir sérfræðingar í málaflokknum. Jafnframt var listi yfir starfsheiti sem teljast til háttsettra opinberra starfa í tengslum við mat á einstaklingum sem teljast í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla uppfærður á árinu auk lista yfir áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki sem var uppfærður í þriggung í samræmi við breytingar á listum FATF og ESB. Á árinu voru teknar upp þrennar viðmiðunarreglur EBA sem tengjast aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir styðja við reglubundið eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum og eru ein þeirra aðferða sem fjármálaeftirlitið beitir til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Markmið vettvangsathugana er meðal annars að kanna og meta undirliggjandi áhættuþætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila ásamt því að leggja mat á stjórnarhætti og umgjörð innra eftirlitskerfis þeirra. Ákvarðanir um vettvangsathuganir eru byggðar á áhrifavægi eftirlitsskyldra aðila ásamt niðurstöðu áhættumats. Jafnframt er tekið mið af stærð, kerfislegu mikilvægi, eðli, umfangi og því hversu margþætt starfsemin er.

Á árinu var *Leiðarvísir um vettvangsathuganir* endurskoðaður og hefur endurskoðuð gerð gilt um vettvangsathuganir sem hófust eftir 1. september 2023.

Lokið var við 20 vettvangsathuganir á árinu 2023. Áfram var lögð áhersla á athuganir á aðgerðum eftirlitsskyldra aðila gegn peningaþvætti og fjármögnum hryðjuverka, ásamt athugunum er tengdust útlána-áhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunar-áhættu og stjórnarháttum og innra eftirliti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila.

Mat á hæfi, virkir eignarhlutir og starfsleyfi

Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila. Hæfismatið er framkvæmt þegar stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hefja störf hjá eftirlitsskyldum aðilum. Auk þess getur fjármálaeftirlitið tekið hæfi þeirra til endurskoðunar ef tilefni er til. Það er þó ávallt á ábyrgð eftirlitsskyldra aðila að tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar þeirra fullnægi gildandi hæfiskilyrðum laga og reglna á hverjum tíma.

Fjármálaeftirlitið lagði mat á hæfi 100 stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila á árinu 2023. Meginhluti hæfismatanna sneri, eins og fyrri ár, að stjórnarmönnum.

Virkir eignarhlutir og yfirráð

Á árinu 2023 voru afgreiddar tilkynningar um virkan eignarhlut í 14 eftirlitsskyldum aðilum, þar af í tíváng hjá tveimur aðilum, auk þess var tilkynning um yfirráð í einum eftirlitsskyldum aðila afgreidd.

Nánar tiltekið voru afgreiddar tilkynningar um virkan eignarhlut í Akta sjóðum hf., Fossum fjárfestingarbanka hf. og dóttur- og hlutdeildarfyrirtækjum hans Glym hf. og T Plús hf., Ísafold Capital Partners hf., Kauphöll Íslands hf., T Plús hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf. og dótturfyrirtæki þess Líftryggingafélagi Íslands hf. Þá voru í tengslum við veitingu nýs starfsleyfis tilkynningar um virkan eignarhlut afgreiddar í A/F Rekstraraðila hf., Blikk hugbúnaðarþjónusta hf., Glym hf., SIV eignastýringu hf. og Straumi greiðslumiðlun hf. Jafnframt var tilkynning um yfirráð í Verðbréfamiðstöð Íslands hf. afgreidd.

Starfsleyfi og önnur leyfismál

Talsverðar breytingar tengdar starfsleyfum eftirlitsskyldra aðila voru á árinu 2023. Fossum fjárfestingarbanka hf. var veitt aukið starfsleyfi til að sinna sölu-tryggingu. Þá fengu Blikk hugbúnaðarþjónusta hf. og Straumur greiðslumiðlun hf. ný starfsleyfi sem greiðslustofnanir. Rapyd Europe hf. og Valitor hf. sameinuðust.

Fyrirnefnda félagið var lagt niður og tók hið síðarnefnda yfir öll réttindi og skyldur þess. Starfar hið samein-
aða félag nú sem rafeyrisfyrirtæki undir heitinu Rapyd
Europe hf. Þá fékk ACRO verðbréf hf. aukið starfs-
leyfi til að sinna safnskráningu. A/F Rekstraraðili hf.,
Glymur hf. og SIV eignastýring hf. fengu starfsleyfi sem
rekstraraðilar sérhæfðra sjóða en fyrstnefndu félögin
tvö höfðu áður fengið skráningu sem rekstraraðilar
sérhæfðra sjóða. Félögin Aldir ehf., Founder Ventures
Management ehf., MGMT Venture Capital ehf., Nordic
Ignite ehf., ORCA Capital Partners ehf. og REC SJÓÐIR
ehf. voru skráð sem nýir rekstraraðilar sérhæfðra sjóða.
Jafnframt var IsMynt ehf. skráð sem nýr þjónustu-
veitandi sýndareigna.

Viðurlagamál á árinu 2023

Á árinu 2023 lauk fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands
einu máli með álagningu stjórnvaldssektar og þremur
málum með samkomulagi um sátt við málsaðila. Í sátt
felst að málsaðili gengst við því að hafa brotið gegn
ákvæðum laga eða ákvörðunum fjármálaeftirlitsins,
upplýsir að fullu um brotið og gerir samkomulag við
fjármálaeftirlitið um tiltekna sektargreiðslu sem rennur í
ríkissjóð. Í þessum fjórum málum námu fjárhæðir sekta
á bilinu 2,5 til 1.160 m.kr.



Fjármálaeftirlitsnefnd eins og hún var við árslok 2023, ásamt ritara nefndarinnar: Sitjandi frá vinstri eru Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármála-
stöðugleika, Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar, og Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits. Standandi frá vinstri
eru Guðrún Finnborg Þórðardóttir, ritari nefndarinnar, Gunnar Þór Pétursson, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Ásta Þórarinsdóttir hagfræðingur
og Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Önnur viðfangsefni



Gjaldeyrisforði

Hlutverk gjaldeyrisforða

Seðlabanki Íslands varðveitir gjaldeyrisforða og stýrir honum í samræmi við markmið og hlutverk bankans, samanber lög nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands. Í gjaldeyrisforða eru erlendar eignir Seðlabankans í erlendum gjaldmiðlum, þ.e. innstæður í erlendum bönkum, skuldabréf, sérstök dráttarréttindi og inneign hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, gull og aðrar erlendar eignir.


Hlutverk gjaldeyrisforða er fjórþætt: Í fyrsta lagi að draga úr áhrifum sveiflna í greiðslujöfnuði landsins með hliðsjón af stefnu bankans í peninga- og gengismálum. Í öðru lagi að minnka líkur á að fjármagnshreyfingar til og frá landinu raski fjármálastöðugleika. Í þriðja lagi er forðinn þáttur í eigna- og skuldastýringu ríkissjóðs og Seðlabankans með það að markmiði að íslenska ríkið geti staðið skil á erlendum skuldum sínum, greitt erlend útgjöld og staðið við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar. Í fjórða lagi er gjaldeyrisforði öryggissjóður sem hægt er að grípa til vegna áfalla.


Æskileg stærð gjaldeyrisforða ræðst hverju sinni meðal annars af erlendri skuldastöðu þjóðarbúsins, stefnu í peningamálum, uppbyggingu og stöðu fjármálakerfisins, umfangi utanríkisviðskipta og fjármagnsflæði til og frá landinu.

Þróun gjaldeyrisforða 2023

Í árslok 2023 nam gjaldeyrisforðinn um 790 ma.kr., jafnvirði 5,8 ma. bandaríkjadala, og minnkaði um 47 ma.kr. á árinu. Endurkaup á ríflega helmingi af erlendri skuldabréfaútgáfu Ríkissjóðs Íslands með gjalddaga í júní 2024 námu samtals um 38 ma.kr. Þá leiddu gjaldeyrisinngrip á millibankamarkaði og önnur gjald-

eyrisviðskipti til þess að forðinn dróst saman um 28 ma.kr. Í árslok nam gjaldeyrisforðinn um 19% af vergri landsframleiðslu ársins 2023, 29% af peningamagni og sparifé (M3) og samsvaraði innflutningi vöru og þjónustu í 5 mánuði.





Afkoma og ávöxtun


Afkoma bankans af rekstri gjaldeyrisforða var jákvæð um 21 ma.kr. á árinu 2023. Verðbreytingar á mörkuðum leiddu til 11 ma.kr. stækkunar gjaldeyrisforða en á móti vógu gengisbreytingar sem leiddu til 16 ma.kr. minnkunar. Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld af erlendum eignum og skuldum Seðlabankans námu 24 ma.kr. á árinu. Ávöxtun af skuldabréfum og innstæðum var jákvæð á árinu um 4,5% án áhrifa gengismunar.

Varðveisla

Starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisforða eru settar með vísan til 3. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 30. gr. laga nr. 92/2019. Reglurnar eru settar af seðlabankastjóra og varaseðlabankastjórum. Í starfsreglunum er fjallað um helstu atriði í varðveislu gjaldeyrisforða, m.a. um tilgang, skipulag, heimila fjárfestingu og ytri mörk ásættanlegrar áhættu.

Varðveisla gjaldeyrisforðans felur í sér að Seðlabankinn tekur áhættu sem þarf að stýra. Megináhættan snýr að því að bankinn verði ófær um að beita forðanum til að ná markmiðum sínum eða sinna hlutverki sínu sem seðlabanki. Gjaldmeyrisáhætta er hins vegar sú áhætta sem hefur mest áhrif á efnahag bankans. Forðinn er í erlendum gjaldmiðlum en skuldir bankans að stórum hluta í íslenskum krónum. Því hafa gengisbreytingar mikil áhrif á tekjur og gjöld bankans og virði eigna og skulda reiknað í krónum. Krónuvirðið er hins vegar aukaatriði í samanburði við ofangreinda megináhættu og með hliðsjón af hlutverki forðans.

Erlend verðbréf námu um 65% af gjaldmeyrisforðanum í árslok 2023. Innlán námu um 21% af forða en þau voru að mestu leyti í seðlabönkum. Gulleign bankans var óbreytt að magni til á milli ára og var virði hennar 17,9 ma.kr. eða um 2,3% af forða í árslok. Gjaldmeyrisjöfnuður bankans, þ.e. eignir bankans í erlendum gjaldmeyri, var jákvæður um 515 ma.kr. í lok árs 2023. Það samsvarar 3,8 ma. bandaríkjadala.




Lánshæfiseinkunn útgefenda þarf að vera að lágmarki AA til að verðbréfaútgáfur þeirra geti fallið í flokk mjög seljanlegra eigna. Við stýringu gjaldeyrisforða teljast mjög seljanlegar eignir vera ríkisskuldabréf í bandaríkjadöllum eða evrum sem gefin eru út í eigin gjaldmiðli ríkisins, og innstæður hjá seðlabönkum þessara landa eða Alþjóðagreiðslubankanum. Slíkar eignir voru 41% af gjaldeyrisforðanum í lok árs 2023. Á mynd V-2 má sjá skiptingu gjaldeyrisforðans í lok árs 2023 eftir löndum og gjaldmiðlum. Nánar er fjallað um stýringu fjárhagslegrar áhættu bankans í skýringum með ársreikningi.

Lánamál ríkissjóðs

Samningur um lánamál ríkissjóðs


Seðlabanki Íslands sér samkvæmt samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið um erlendar lántökur ríkissjóðs ásamt framkvæmd innlendra útboða, uppkaupt og innlausn ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlara-samninga og hefur umsjón með verðbréfalánnum til



Mynd V-6

Óverðtryggð ríkisbréf

Stytttri en 5 ár




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-7

Óverðtryggð ríkisbréf


Lengri en 5 ár



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-8

Verðtryggð ríkisbréf



Heimild: Seðlabanki Íslands.

aðalmiðlara. Bankinn annast áhættu- og lánsfjárfjárstýringu og sinnir upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs. Í samningnum er kveðið á um að bankinn annist útgáfu markaðsverðbréfa ríkissjóðs og verkefni tengd ríkisábyrgðum og endurlánnum. Þá sér bankinn um útgáfu skuldabréfa vegna endurlána ríkissjóðs.

Innlend lánamál

Í lok desember 2022 birti Seðlabankinn fyrir hönd ríkissjóðs ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs fyrir árið 2023. Samkvæmt áætluninni var stefnt að því að útgáfa ríkisbréfa myndi nema 140 ma.kr. á árinu. Það markmið náðist og fór öll salan fram í gegnum almenn útboð.

Í ársáætlun kom fram að tveir nýir óverðtryggðir flokkar yrðu gefnir út, annar þeirra stuttur RIKB 26 1015 og hinn langur RIKB 35 0917. Viðtökur við flokkunum voru góðar og í lok árs nam útistandandi fjárhæð styttri flokksins rúmum 54 ma.kr. og útistandandi fjárhæð þess lengri rúmum 14 ma.kr. Á árinu var ríkisbréfaflokkurinn RIKB 23 0515 á gjalddaga og nam útistandandi fjárhæð hans 70 ma.kr.

Ríkissjóður ástundar uppkaup og skiptiútboð á flokkum sem nálgast gjalddaga til að draga úr endurfjármögnunaráhættu. Samtals keypti ríkissjóður rúma 26 ma.kr. að nafnvirði í ríkisskuldabréfaflokkunum RIKB 23 0515 og RIKB 24 04015 á árinu.

Erlend lánamál

Í árslok 2023 námu erlendar skuldir ríkissjóðs tæpum 266 ma.kr. og lækkuðu þær um tæpa 49 ma.kr. á árinu. Samkvæmt *Stefnu í lánamálum ríkisins 2023-2027* eru lán ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum fyrst og fremst tekin til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans, til að endurfjármagna útistandandi markaðsútgáfur og til að viðhalda aðgengi að erlendum mörkuðum.

Ríkisábyrgðir


Seðlabanki Íslands sinnir verkefnum í tengslum við ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð. Ríkisábyrgðasjóður hefur umsjón með veittum ríkisábyrgðum og skal einnig fylgjast með rekstri þeirra aðila sem fengið hafa ríkisábyrgð og halda skrá yfir skuldbindingar með slíkri ábyrgð. Stærstur hluti ríkisábyrgða er til kominn vegna eignaraðildar ríkissjóðs að ÍL-sjóði. Aðilum sem njóta ríkisábyrgðar vegna eignaraðildar ríkissjóðs er skylt að fá samþykki Seðlabanka Íslands á lánskjörum og skilmálum lána sem þeir hyggjast taka erlendis. Ríkisábyrgðir í árslok 2023 námu rúmum 810 ma.kr. en voru 837 ma.kr. í árslok 2022.

Alþjóðleg samskipti

Seðlabanki Íslands á fagleg og fjárhagsleg samskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu auk þess að eiga í virku samstarfi við fjölmarga seðlabanka, einkum í Evrópu.



Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands fer með formleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir Íslands hönd. Sendinefnd frá sjóðnum átti árlegar viðræður við íslensk stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila um stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum í maí. Á árinu fór jafnframt fram yfirgripsmikil úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslensku fjármálakerfi, svokölluð FSAP-úttekt (e. Financial Sector Assessment Program). Árleg skýrsla sjóðsins um Ísland var gefin út í júní ásamt nokkrum skýrslum vegna FSAP-úttektarinnar. Allar skýrslur sjóðsins um Ísland eru birtar á heimasíðum hans og Seðlabankans, auk þess sem gerð er grein fyrir úttektum síðar í þessum kafla.



Ísland starfar með Norður- og Eystrasaltslöndunum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 24 fastafulltrúar. Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórninni árið 2023 var Vitas Vasiliauskas frá Litháen. Skrifstofa kjördæmisins í sjóðnum tekur árlega saman greinargerð um þau mál sem hæst ber í starfi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar á árinu og afstöðu kjördæmisins til þeirra. Greinargerðirnar eru birtar m.a. á heimasíðu Seðlabankans.

Fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (International Monetary and Financial Committee) hélt að venju tvo fundi á árinu. Seðlabankastjóri er fulltrúi



Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Board of Governors) sem kemur saman á ársfundi sjóðsins.

Alþjóðagreiðslubankinn

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss (Bank for International Settlements, BIS) og tekur þátt í ýmsu samstarfi á vettvangi hans. Alþjóðagreiðslubankinn er vettvangur alþjóðlegs samstarfs seðlabanka og fjármálaeftirlita auk þess að vera rannsóknarsetur og banki fyrir seðlabanka heimsins. Seðlabankastjóri tók á árinu þátt í reglulegum fundum seðlabankastjóra sem haldnir eru annan hvern mánuð á vegum BIS, auk ársfundar bankans.

Seðlabanki Íslands tekur þátt í starfi Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar sem Alþjóðagreiðslubankinn stofnaði árið 2021 í samstarfi við seðlabanka Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur (BIS Innovation Hub Nordic Centre). Miðstöðin er staðsett í Stokkhólmi og leggur Seðlabankinn henni til starfsmann. Norræna

miðstöðin hefur það hlutverk að vera vettvangur fyrir nýsköpun í fjártækni, rannsóknir á straumum og stefnum í fjártækni sem hafa þýðingu fyrir starfsemi seðlabanka, auk þess að efla alþjóðlegt samstarf sem miðar að því að bæta virkni alþjóðlega fjármálakerfisins.

Efnahags- og framfarastofnunin

Seðlabanki Íslands tekur þátt í starfi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Sérfræðingar OECD koma auk þess á um það bil tveggja ára fresti til Íslands til að kynna sér framvindu efnahagsmála og gefa út skýrslu um mat stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum og horfum á Íslandi, síðast í júní 2023.

Network for Greening the Financial System

Seðlabanki Íslands er aðili að samtökunum Network for Greening the Financial System (NGFS) og tekur virkan þátt í starfsemi þeirra. Þetta eru samtök seðlabanka og fjármálaeftirlita víðs vegar um heim sem hafa lýst vilja sínum til og ásetningi um að starfa saman að því að stuðla að og þróa bestu framkvæmd áhættu- stýringar í fjármálageiranum í tengslum við loftslags- og umhverfismál og stuðla að sjálfbærri og umhverfis- vænni fjárfestingu.

Samstarf í tengslum við fjármálaeftirlit

Seðlabanki Íslands er þátttakandi í starfi evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði, svo sem Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar (EBA), Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA). Seðlabankinn hefur þar sömu réttindi og skyldur og eftirlitsstjórnvöld ríkja Evrópusambandsins að undanskildum atkvæðisrétti. Þátttaka í eftirlitsstjórn (e. Board of Supervisors), fastanefndum og vinnuhópum evrópsku eftirlitsstofnananna gerir bankanum kleift að fylgjast vel með breytingum á Evrópulöggjöf á fjármálamarkaði og taka þátt í þróun hennar. Með þátttöku sinni leggur Seðlabankinn einnig sitt af mörkum til að tryggja samræmda framkvæmd Evrópulöggjafar á fjármálamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá byggir þátttakan undir innleiðingu nýrrar Evrópulöggjafar hér á landi, auðveldar hana og stuðlar að skilvirkri eftirlits- framkvæmd að innleiðingu lokinni.

Seðlabankinn tók á árinu virkan þátt í alþjóðasamstarfi í tengslum við aðgerðir gegn peninga- þvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. í nefndum á vegum EBA og í vinnuhópi fjármálaeftirlita Norður- og Eystrasaltslanda.

Seðlabankinn tekur einnig þátt í starfi norræns samstarfshóps eftirlitsstjórnvalda sem starfræktur er

til að samræma eftirlit með Nasdaq-kauphöllum á Norðurlöndunum. Helsta hlutverk hópsins, auk þess að gera sértækar athuganir, er að meta og hafa eftirlit með helstu áhættuþáttum í rekstri kauphallanna.

Seðlabankinn tekur þátt í starfi Alþjóðasamtaka váttryggingaeftirlita (International Association of Insurance Supervisors, IAIS), sem hefur það markmið að stuðla að bættu eftirliti með váttryggingastarfsemi.

Samstarf í tengslum við fjármálastöðugleika

Seðlabankinn tekur þátt í starfi Evrópska kerfisáhættu- ráðsins (ESRB) og undirhópa þess og hefur þannig aðgang að samevrópskum greiningum á kerfisáhættu. Seðlabankastjóri sækir fundi kerfisáhætturáðsins sem áheyrnarfulltrúi.

Enn fremur tekur Seðlabankinn þátt í samstarfi um fjármálastöðugleika á vegum Alþjóðlega fjármála- stöðugleikaráðsins (Financial Stability Board, FSB) sem er helsti samræmingarvettvangur á sviði fjármála- stöðugleika í heiminum.

Seðlabankinn tekur jafnframt virkan þátt í samstarfi Norður- og Eystrasaltslanda, m.a. á sviði kerfis- áhættu, þar sem skipst er á upplýsingum um þróun kerfisáhættu og beitingu þjóðhagsvarúðartækja (Nordic Baltic Macprudential Forum). Þá tekur Seðlabankinn, í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið, þátt í starfi Nordic Baltic Stability Group sem hefur það hlutverk að samhæfa viðbrögð við fjármálaáfalli sem snertir fleiri en eitt ríki og vinna að upplýsingagjöf milli stofnana ríkjanna á sviði fjármálastöðugleika.

Líkt og fyrri ár tók Seðlabankinn virkan þátt í alþjóðlegri samvinnu um þróun greiðslumiðlunar, s.s. um millibankakerfi, seðlabankarafeyri og netöryggis- mál.

Úttektir á fjármálakerfi og starfi Seðlabankans

Úttekt á fjármálakerfinu

Á árinu lauk yfirgripsmikilli úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslensku fjármálakerfi, svokallaðri FSAP-úttekt (e. Financial Sector Assessment Program). Úttektin var gerð að ósk íslenskra stjórnvalda með það fyrir augum að fá faglegt mat sjóðsins á stöðu fjármálakerfisins og þeim endurbótum sem gerðar höfðu verið á því frá fjármála- og efnahagsáfallinu 2008, en jafnframt að fá ráðleggingar og ábendingar um áframhaldandi fram- þróun.

Úttektin byggist á mati á þremur þáttum fjármála- kerfisins: 1) Uppruna helstu áhættuþátta, hugsanlegum áhrifum þeirra með hliðsjón af þjóðhagslegum stöðug-

leika til skemmri/meðallangs tíma og líkum á að þeir verði að veruleika, 2) lagaramma (e. policy framework) um fjármálaeftirlit og fjármálastöðugleika; og 3) getu stjórnvalda til að takast á við og leysa vandamál sem upp koma í fjármálaáfalli, þ.e. þegar áhætta raungerist. Þannig fól úttektin í sér heildstætt mat á íslensku fjármálakerfi auk þess sem tilteknir hlutar þess voru sérstaklega kannaðir. Úttektin fór að mestu fram í tveimur heimsóknnum sérfræðinga sjóðsins veturinn 2022-2023. Þar var unnið í átta mismunandi verkstraumum sem hver um sig laut að tilteknum þætti fjármálakerfisins. Stjórnvöld svöruðu ýtarlegum spurningalistum varðandi hvern og einn þeirra auk þess að deila gögnum með sérfræðingum sjóðsins. Niðurstöður úttektarinnar og skýrslur um hana voru birtar í júlí 2023 á vefsíðum Seðlabankans¹ og sjóðsins².

Samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar býr íslenska fjármálakerfið yfir nægilegum viðnámsþrótti til að standast veruleg áföll og regluverk á fjármálamarkaði og fjármálaeftirlit eru á heildina litið fullnægjandi. Að mati sjóðsins eru þó jafnframt tækifæri til úrbóta og á grundvelli skýrslanna voru settar fram yfir 160 tillögur um hvernig styrkja mætti fjármálakerfið og umgjörð þess frekar. Um niðurstöður könnunarinnar var m.a. fjallað í riti bankans *Fjármálastöðugleika (2023/2)*³ og í *Kalkofninum*, vefriti Seðlabanka Íslands.⁴

Skýrsla úttektarnefndar um árangur Seðlabanka Íslands

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands, skal forsætisráðherra á fimm ára fresti fela þremur óháðum sérfræðingum á sviði peninga- og fjármálahagfræði og fjármálaeftirlits að gera úttekt um hvernig Seðlabanka Íslands hefur tekist að uppfylla markmið um stöðugt verðlag, fjármálastöðugleika og framkvæmd fjármálaeftirlits. Jafnframt skal litið til annarra þátta í starfsemi bankans, svo sem skipulags, verkaskiptingar og valdsviðs. Einn sérfræðinganna skal hafa haldgóða þekkingu á íslensku efnahagslífi en hinir tveir skulu hafa víðtæka þekkingu og reynslu af alþjóðlegri fjármálastarfsemi og rekstri seðlabanka utan Íslands. Fyrsta nefndin sem skipuð var skilaði forsætisráðherra skýrslu sinni í byrjun árs. Í henni sátu Patrick Honohan, fyrrverandi seðlabankastjóri Seðlabanka Írlands, Joanne Kellermann, fyrrum stjórnarmaður í hollenska Seðlabankanum og Pentti Hakkarainen, fyrrum

varaseðlabankastjóri Finnlandsbanka. Skýrslan var birt á vef forsætisráðuneytisins.⁵

Í hnotskurn var það niðurstaða úttektarnefndarinnar að sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins hafi verið hrundið í framkvæmd hratt og af skilvirkni. Samruni stofnana væri þó langtímaverkefni. Bankinn hefði skilað góðum árangri og rækt vel ábyrgð sína varðandi öll helstu verkefni sem honum hefðu verið falin. Þá hefði nefndaskipanin sem komið var á með nýju lögunum virkað vel. Mikilvægt markmið með stofnun nefndanna hefði verið að tryggja gagnsæi og dreifingu valds og það hefði tekist. Hins vegar benti nefndin á að nýja nefndaskipan þyrfti að meta í ljósi reynslunnar og að ástæða væri til að endurskoða umboð fjármálaeftirlitsnefndar. Seðlabankinn hefði brugðist við vaxandi verðbólgu með hætti sem væri ekki síðri en viðbrögð seðlabanka í Evrópu og Norður-Ameríku. Þjóðhagsvarúðartækjum hefði verið beitt til þess að varðveita fjármálastöðugleika og eftirlit hefði farið fram eftir reyndum ferlum.

Í skýrslunni er að finna 17 tillögur nefndarinnar er varða peningastefnu, fjármálastöðugleika, fjármálaeftirlit og stjórnarhætti. Flestar tillagnanna fóru til úrvinnslu í Seðlabankanum en fáeinar þeirra sneru að mögulegum lagabreytingum. Lögum um Seðlabanka Íslands m.t.t. fjármálaeftirlitsnefndar var breytt í júní 2023, m.a. til að bregðast við ábendingum úttektarnefndarinnar, auk áþekkra ábendinga nefndar sem falið var að gera úttekt á reynslunni af starfi nefnda bankans, peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd, en sú nefnd skilaði skýrslu síðla árs 2021.

Reiðufé

Í árslok 2023 var útgefið reiðufé Seðlabanka Íslands 75,7 ma.kr. (80,7 ma.kr. 2022). Þar af voru útgefnir seðlar 71,1 ma.kr. (76,1 ma.kr. 2022) og útgefin mynt 4,6 ma.kr. (4,5 ma.kr. 2022). Útgefið reiðufé Seðlabankans er hluti af skuldahlið efnahagsreiknings bankans. Í töflu 3 í töfluviðauka má sjá hvernig þessi stærð skiptist eftir seðla- og myntstærðum.

Yfirleitt er átt við reiðufé utan Seðlabanka og innlánsstofnana þegar talað er um reiðufé í umferð. Munurinn á þeirri tölu og samtölu töflu 3 í töfluviðauka er svokallaður nætursjóður innlánsstofnana, sem samanstendur af því reiðufé sem er á eignahlið efnahagsreiknings innlánsstofnana í lok viðskiptadags. Í lok árs 2023 var nætursjóður innlánsstofnana 8,2 ma.kr. (7,8 ma.kr. 2022). Því var reiðufé í umferð utan Seðlabanka

1. Sjá hér: [Birting skýrslna AGS vegna FSAP-úttektar](#).

2. Sjá hér: <https://www.imf.org/en/Countries/ISL>

3. Sjá hér: [Úttekt AGS á íslenska fjármálakerfinu](#).

4. Sjá hér: [Mat á styrk og heilbrigði fjármálakerfisins](#). Birt 31. júlí 2023.

5. Sjá hér: [Skýrsla úttektarnefndar um árangur Seðlabanka Íslands](#).

og innlánsstofnana (hjá almenningi, fyrirtækjum o.s.frv.) 67,5 ma.kr. (72,8 ma.kr. 2022) og hafði minnkað á árinu um 5,3 ma.kr. eða um 7,3%.

Á árinu 2023 eyddi Seðlabankinn 1,4 milljónum seðla sem töldust ónothæfir, en á árinu 2022 var 1,6 milljónum seðla eytt og 1,9 milljónum seðla árið 2021.

Í lok ársins 2023 voru 18,7 milljónir seðla útgefnar af bankanum (19,1 milljón seðla 2022).

Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals

Tólfta úthlutun úr menningarsjóði sem tengdur er nafni Jóhannesar Nordals, fyrrverandi seðlabankastjóra, fór fram 31. maí 2023. Alls barst 31 umsókn og var úthlutað til fimm verkefna.

Björn Þrándur Björnsson hlaut 1,5 milljónir króna í styrk til verkefnisins Ásgerður Búadóttir – Catalogue raisonné – Ásgerðarsafn.is. Markmið verkefnisins er að byggja upp heildarverkaskrá og samtímis skapa aðgengilegan vettvang – Ásgerðarsafn.is – sem hefur að geyma allar upplýsingar um list og feril Ásgerðar Búadóttur.

Sviðslistahópurinn Hnoðri í norðri fékk 1,5 milljónir króna í styrk fyrir verkefnið Skoffín og skringilmenni sem er örópera sem samin er fyrir nemendur í grunnskólum á Norðurlandi. Höfundur og tónskáld er Þórunn Guðmundsdóttir en verkið fléttar saman íslenskar þjóðsögur tengdar áramótunum og þrettándanum.

Hjalti Snær Ægisson hlaut einnar milljónar króna styrk til verkefnisins Bessastaðapýðingarnar. Verkefnið felst í því að gefa út fjórar þýddar bækur á sviði klassískra mennta eða þrjár þýðingar úr forngrísku og eina úr latínu. Verkin eru Alkíbiades I-II eftir Platon, Minningar um Sókrates eftir Xenófón, Um skyldur eftir Cicero og Fjórar ævisögur eftir Plútarkos.

Andri Kjartan Andersen hlaut hálftrar milljónar króna styrk til verkefnisins Íslenskar sögur en það er myndasögusería sem færir ýmsar merkustu sögur Íslands í nýjan búning með það að markmiði að uppfæra þá sagnaarfleifð í takt við nútímann.

Félagið Hákarlar við Ísland fékk hálftrar milljónar króna styrk til verkefnisins Hákarlar í skólastofunni. Verkefnið á að veita skólabörnum fræðslu um mikilvægi Grænlandshákarla við Ísland í náttúrulegu og menningarlegu tilliti.

Jóhannes Nordal, sem menningarstyrkurinn er kenndur við, var seðlabankastjóri frá stofnun Seðlabanka Íslands árið 1961 til 1993 og formaður í þriggja manna bankastjórn frá 1964 til 1993. Jóhannes lést í mars 2023, en hann var fæddur árið 1924.

Stjórn, skipulag og mannauður



Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar

Ásgeir Jónsson gegndi embætti seðlabankastjóra á árinu. Hann var skipaður til fimm ára árið 2019. Seðlabankastjóri stýrir og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum mál-efnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögum.

Rannveig Sigurðardóttir var varaseðlabankastjóri peningastefnu á árinu, Unnur Gunnarsdóttir var varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits þar til að hún lét af störfum í byrjun maí, en Björk Sigurgísladóttir var skipuð varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits frá þeim tíma, og Gunnar Jakobsson var varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika. Varaseðlabankastjórar leiða mál-efni bankans á því sviði sem þeir eru skipaðir til að leiða undir yfirstjórn seðlabankastjóra.

Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar taka sameiginlega ákvarðanir um varðveislu gjaldeyrisforða og veitingu ábyrgða eða lána til lánastofnana í lausa-fjáranda á fundi sem seðlabankastjóri boðar til, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019. Á sama hátt eru teknar ákvarðanir um setningu reglna um verndunarráðstafanir við sérstakar aðstæður og bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjald-eyris á grundvelli laga um gjaldeyris-mál, ákvarðanir um setningu reglna um starfsemi skipulegra gjaldeyris- markaða og um skipulag og setningu reglna um starf- semi bankans.

Bankaráð

Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Að

öðru leyti sinnir bankaráð sérstaklega verkefnum sem nánar eru tilgreind í 8. grein laga um bankann. Kjósa skal í ráðið eftir kosningar til Alþingis.

Í árslok 2023 var bankaráð þannig skipað að formaður var Gylfi Magnússon. Aðrir aðalfulltrúar voru Þórunn Guðmundsdóttir varaformaður, Arnar Bjarnason, Sigríður Andersen, Kirstín Þ. Flygenring, Sigurjón Arnórsson og Þorsteinn Víglundsson. Varafulltrúar voru Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Þórlindur Kjartansson, Kristín Thoroddsen, Hildur Traustadóttir, Vilhjálmur Þorsteinnsson, Oddný Árnadóttir og Jarþrúður Ásmunds- dóttir. Bankaráð hélt 12 fundi á árinu.

Nefndir bankans

Peningastefnunefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórn-tækja bankans í peningamálum og skulu þær grundvallast á markmiði um stöðugt verðlag og byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í efna- hagsmálum. Nefndin tekur ákvarðanir um vexti til að framfylgja peningastefnu bankans. Einnig tekur nefndin ákvarðanir um viðskipti við lánastofnanir önnur en lán til þrautavara. Þá tekur nefndin ákvarðanir um bindi- skyldu, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf sem ætlað er að stuðla að því að markmiðum bankans um stöðugt verðlag verði náð.

Peningastefnunefnd var í ársbyrjun skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinn- ar, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra pen- ingastefnu og staðgengli formanns, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Herdísí Steingrímisdóttur, dósent við Copenhagen Business School og Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands. Í febrúar skipaði forsætisráðherra Ásgerði Pétursdóttur,

lektor við Háskólann í Bath á Englandi, í peningastefnu- nefnd, en þá lauk 10 ára skipunartímabili Gylfa Zoëga.

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórnstækja Seðlabankans varðandi fjármálastöðugleika. Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar skulu grundvallast á lögum og byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í fjármálakerfinu. Verkefni nefndarinnar eru að (a) leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, (b) fjalla um og skilgreina þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika og beina í því skyni ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til, (c) samþykka stjórnvaldsfyrirmæli og taka þær ákvarðanir sem nefndinni er falið að taka með lögum og (d) ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

Fjármálastöðugleikanefnd var á árinu skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og staðgengli formanns, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu, Unni Gunnarsdóttur, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, Axel Hall, lektor við Háskólann í Reykjavík, Bryndísi Ásbjarnardóttur, forstöðumanni grunnnáms viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans í Reykjavík, og Guðmundi Kristjáni Tómassyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálainnviða hjá Seðlabanka Íslands. Björk Sigurgísladóttir, nýskipaður varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, tók sæti Unnar í maí. Þá á ráðuneytisstjóri, eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika, nú fjármála- og efnahagsráðuneyti, sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans tekur þær ákvarðanir sem taldar eru upp í 1. mgr. 15. gr. laga um Seðlabanka Íslands, m.a. um álagningu stjórnvaldssekta, dagsekta, kæru til lögreglu vegna meintra brota, afturköllun starfsleyfis vegna alvarlegra eða ítrekaðra brota og frávikningu stjórnarmanns og framkvæmdastjóra vegna brotlegrar háttsemi. Þá setur nefndin stefnu um beitingu stjórnsluviðurlaga og þvingunarúrreða og skal veita umsögn um stefnumarkandi áherslur í fjármálaeftirliti. Verkefni nefndarinnar voru afmörkuð á framangreindan hátt með lagabreytingu sem tók gildi 28. júní 2023. Fyrir lagabreytinguna var nefndinni falið að taka allar ákvarðanir sem faldar voru fjármálaeftirliti í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Þá gat nefndin framselt vald sitt til töku ákvarðana sem ekki töldust meiri háttar til varaseðlabankastjóra fjár-

málaeftirlits. Breytingunni 2023 var ætlað að skýra valdsvið nefndarinnar og um leið að stuðla að skýrleika í stjórnslu á sviði fjármálaeftirlits. Jafnframt var formennsku nefndarinnar breytt og seðlabankastjóra falin formennska til samræmis við aðrar nefndir bankans, í stað varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits.

Nefndin var á árinu skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, Unni Gunnarsdóttur, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, þar til Björk Sigurgísladóttir tók við af henni í maí, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Gunnari Þór Péturssyni, lektor við Háskólann í Reykjavík, Ástu Þórarinsdóttur hagfræðingi, og Guðrúnu Þorleifsdóttur, skrifstofustjóra í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Seðlabankastjóri varð sem fyrr segir formaður nefndarinnar í júní 2023, en áður hafði hann tekið sæti í fjármálaeftirlitsnefnd sem formaður hennar við töku ákvarðana um setningu starfsreglna hennar, framsal ákvörðunarvalds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits og ákvarðana sem vörðuðu eigið fé, laust fé og fjármögnun kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja. Í öðrum tilvikum gegndi varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits formennsku í nefndinni fram að lagabreytingu.

Skipulag

Kjarnasvið bankans voru sjö í upphafi árs, þ.e. hagfræði og peningastefna, markaðsviðskipti, fjármálastöðugleiki, bankar, lífeyrir og váttryggingar, markaðir og viðskiptahættir, og lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir. Stoðsvið bankans voru fjögur, þ.e. rekstur, upplýsingatækni og gagnasöfnun, fjárhagur og mannauður. Auk þessa var miðlægt svið skrifstofu bankastjóra. Framkvæmdastjórar stýra hverju sviði fyrir sig. Í janúar tók gildi nýtt skipurit er fagsviðum er sinna fjármálaeftirliti var fækkað úr fjórum í tvö, þ.e. háttsemiseftirlit og varúðareftirlit. Í október voru tvö ný svið stofnuð, þ.e. gögn og umbætur, og upplýsingatækni og sviðið fjárhagur breyttist í fjármál og rekstur. Sviðið mannauður var gert að miðlægu sviði og heiti þess breytt í mannauður og menning. Hér á eftir verður nánar greint frá verkefnum sviða samkvæmt skipulagi bankans í árslok.

Bankaráð hefur umsjón með innri endurskoðun í bankanum og ræður innri endurskoðanda, sbr. d-lið 1. mgr. 8. gr. laganna um bankann.

Verkefni sviða á árinu

Skrifstofa bankastjóra hefur yfirsýn yfir verkefni Seðlabankans, og hefur umsjón með og veitir aðstoð við stefnumótun og sameiginleg mál bankans. Skrifstofan

ber ábyrgð á innleiðingu reglna, stefnu og stjórnkerfi bankans. Skrifstofan styður við starfsemi Seðlabankans í heild sinni með ráðgjöf og þjónustu við bankastjóra, varaseðlabankastjóra, fastanefndir, bankaráð og við einstök svið og deildir bankans, s.s. með lögfræðipjónustu, reglusetningu, stefnumótun, verkefnastjórnun, skjalastjórnun, upplýsingamiðlun, vinnu að sjálfbærni og eftirliti með áhættu í starfsemi bankans. Þá sinnir skrifstofan samskiptum við ráðuneyti, Alþingi og aðrar innlendar stofnanir, eftirfylgni og afgreiðslu erinda sem bankanum berast, umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, auk ritstjórnar og umsjónar með ársskýrslu, ritinu *Fjármálaeftirlit*, sjálfbærnisráðgjöf, riti um greiðslufjöfnuð, *Economy of Iceland*, heimasíðu og samfélagsmiðlum bankans. Áhættustýring og gæðastjórnun er hluti af starfsemi skrifstofunnar auk skjalamála. Skrifstofan sinnir einnig alþjóðlegu samstarfi, svo sem við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Skrifstofan hefur umsjón með útgáfu *Kalkofnsins*, vefrits með höfundarmerktum greinum starfsfólks bankans.

Hagfræði og peningastefna annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun í efnahags- og peningamálum bæði innanlands og erlendis, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika, og hefur umsjón með útgáfu ýmissa rita bankans, þ.e. *Peningamála*, *Hagvíska* og *Working Papers*. Sviðið hefur einnig umsjón með ýmsum verkefnum í tengslum við störf peningastefnufundar bankans.

Markaðsviðskipti hafa umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og annast viðskipti bankans við innlendar og erlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um stýringu á efnahagsreikningi bankans, vörslu og ávöxtun gjaldeyrissjóða ásamt umsjón með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og endurlánum ríkissjóðs. Sviðið sér einnig um þau samskipti við erlendar fjármálastofnanir sem snúa að viðskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs. Sviðið sinnir utanumhaldi verðbréfa og greiðslum vegna verðbréfaviðskipta og greiðslum tengdum lántökum og skiptasamningum. Þá annast sviðið rekstur millibankagreiðslukerfis og erlenda greiðslumiðlun með SWIFT-kerfi bankans og hefur umsjón með innlendum og erlendum greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki.

Fjármálastöðugleiki annast greiningu á áhættu í fjármálakerfinu, eftirlit með lausu fé og gjaldeyrissjóðni lánastofnana og tekur þátt í mótun varúðarreglna fyrir fjármálakerfið. Þá annast sviðið eftirlit með lögum um gjaldeyrismál. Sviðið fylgist með stöðu lánastofnana, heimila og fyrirtækja, gjaldeyrisskiptum til og frá

landinu og ytri stöðu þjóðarbúsins. Þá vakir sviðið yfir kerfislega mikilvægum fjármálinnviðum og skrifstofa skilavalds er staðsett á sviðinu. Sviðið hefur umsjón með útgáfu á ritinu *Fjármálastöðugleiki*. Sviðið hefur einnig umsjón með ýmsum verkefnum í tengslum við störf fjármálastöðugleikanefndar bankans.

Sem fyrr segir var skipulagi bankans breytt í janúar þegar fagsviðum sem sinntu fjármálaeftirliti var fækkað úr fjórum í tvö; varúðareftirlit (e. microprudential supervision) og háttsemiseftirlit (e. conduct supervision). Breytingarnar tóku m.a. mið af þeirri þróun sem átt hafði sér stað á fjármálamarkaði og höfðu það að markmiði að styrkja fjármálaeftirlit Seðlabankans. Breytingarnar stuðla að aukinni samþættingu og minni lykilmannaáhættu og voru eðlilegt framhald af sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

Sviðið varúðareftirlit tók við verkefnum sviða lífeyris og vátrygginga, banka og hluta af verkefnum sviðs markaða og viðskiptahátta. Á sviði varúðareftirlits sameinaðist þar með fjárhagslegt eftirlit og eftirlit með áhættuþáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Markmið þessara breytinga var að tryggja betri yfirsýn yfir starfsemi eftirlitsskyldra aðila og markvissara eftirlit með samstæðum á fjármálamarkaði. Þá styrktu breytingarnar samvinnu sérfræðinga á ýmsum sérsviðum áhættugreiningar ásamt því að draga úr lykilmannaáhættu sem hlýst af því að dreifa hliðstæðri þekkingu á tvö svið. Hlutverk sviðsins er að hafa varúðareftirlit með starfsemi fyrirtækja á fjármála- og tryggingamarkaði og starfsemi lífeyrissjóða. Meginverkefni sviðsins eru könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja, en í því felst m.a. mat á viðskiptalíkani, stjórnarháttum, eiginfjár- og lausafjárþörf, yfirferð á viðskiptaáætlunum og endurbótaáætlunum, greining og mat á fjölmörgum áhættuþáttum í rekstri eftirlitsskyldra aðila og samskipti við stjórnir og helstu stjórnendur og endurskoðendur. Þá hefur sviðið eftirlit með því að starfshættir séu í samræmi við þær réttarreglur sem í gildi eru og að starfsleyfisskilyrði séu jafnan uppfyllt. Sviðið tekur einnig þátt í mati á kerfisáhættu í samvinnu við fjármálastöðugleikasvið.

Verkefni sem unnin voru á sviði markaða og viðskiptahátta færðust að meginhluta til sviðs lagalegs eftirlits og vettvangsathugana, sem fékk heitið háttsemiseftirlit. Eftir breytingarnar er viðurlagabeitingu sinnt af einu sviði með það að markmiði að auka sérhæfingu og samræmi í verklagi. Sviðið annast m.a. mat á hæfi framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og virkra eigenda eftirlitsskyldra aðila, veitingu starfsleyfa og afturköllun þeirra og eftirlit með aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Sviðið hefur

eftirlit með aðilum á verðbréfamarkaði, s.s. kauphöllum og verðbréfamiðstöðvum, yfirferð lýsinga og hefur eftirlit með upplýsingagjöf útgefenda fjármálagerna, markaðssvikum, afleiðuviðskiptum, skortstöðum, fjárhagslegum viðmiðunum og skýrslugjöf á verðbréfamarkaði. Á sviðinu fer fram eftirlit með neytendamálum, fjárfestavernd og viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði. Þá annast sviðið vettvangsathuganir hjá eftirlitsskyldum aðilum en markmið þeirra er m.a. að greina með ítarlegum hætti tiltekna áhættu í starfsemi eftirlitsskyldra aðila, leggja mat á innra eftirlitskerfi, viðskiptalíkön eða stjórnarhætti þeirra.

Í lok október tóku gildi breytingar á skipulagi í starfi Seðlabankans, eins og að framan greinir, en þær fólu í sér að sviðin upplýsingatækni og gagnasöfnun, og rekstur voru lögð niður og tvö ný svið voru stofnuð, þ.e. annars vegar gögn og umbætur og hins vegar upplýsingatækni, og sviðið fjárhagur varð að fjármálum og rekstri. Þá færðist sviðið mannauður úr því að vera skilgreint sem stoðsvið í skipuriti í að vera miðlægt ásamt því að heiti sviðsins breyttist í mannauður og menning. Breytingarnar voru eðlilegt framhald af sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins í ársbyrjun 2020, en eitt meginmarkmið sameiningarinnar var að auka skilvirkni og skýrleika ábyrgðar og bæta stjórnarsýslu við ákvarðanatöku, nýtingu upplýsinga og möguleika á auknum gæðum greiningar og yfirsýnar. Með breytingunum var stigið frekara skref í að samþætta starfsemina sem leiðir til aukinnar skilvirkni, m.a. við gerð fjárhags- og rekstraráætlana. Jafnframt verður aukin áhersla m.a. lögð á gagnamál, netöryggi og miðlæga stefnumótun, auk skjala- og gæðamála sem færðust við breytingarnar á skrifstofu bankastjóra.

Fjármál og rekstur sinna nú verkefnum við innri rekstur og þjónustu Seðlabankans. Meðal þess er að annast rekstur og umsýslu eigna bankans, sjá um og bera ábyrgð á tilteknum öryggismálum bankans, annast innkaup fyrir bankann, fara með kostnaðar- og útgjaldaeftirlit, þ.m.t. gerð rekstraráætlana, og annast matar- og veitingaþjónustu. Jafnframt hefur sviðið umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og félaga í eigu hans. Sviðið annast skráningu, úrvinnslu og miðlun upplýsinga í samræmi við settar reikningsskilareglur og launavinnslu fyrir bankann. Þá annast sviðið umsýslu seðla og myntar og rekstur fjárhirslna.

Upplýsingatækni hefur nú umsjón með og ber ábyrgð á þróun, uppbyggingu og rekstri tölvu- og upplýsingakerfa Seðlabankans.

Sviðið gögn og umbætur annast nú öflun, skráningu og úrvinnslu ýmissa hag- og fjármálagagna sem Seðlabankinn safnar til að sinna hlutverki sínu.

Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og fjármálakerfis og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans. Bankinn birtir tölulegar upplýsingar sínar í *Hagtölum Seðlabankans* á heimasíðu sinni. Sviðið ber jafnframt ábyrgð á greiningu, eftirfylgni og framgangi verkefna sem tengd eru gagnastefnu bankans og á rekstri og þróun á vef bankans.

Sviðið mannauður og menning ber ábyrgð á stefnumótun í mannauðsmálum og því að styðja við mannauðsstefnu bankans. Markmið sviðsins er að tryggja samræmda framkvæmd mannauðsmála og veita stjórnendum og starfsfólki faglegan stuðning til að byggja upp traust, fagmennsku, þekkingu og framsækni á vinnustaðnum. Helstu verkefni sviðsins eru að halda utan um nýráðningar, starfslok, fræðslumál, starfsþróun, vinnustaðagreiningar og aðrar greiningar, endurgjafarsamtöl, launaákvæðanir, vellíðan starfsfólks og jafnréttismál.

Innri endurskoðandi starfar í umboði bankaráðs og er ráðinn af því. Markmið innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingar- og ráðgjafarþjónustu sem ætlað er að leiða til umbóta í starfsemi Seðlabankans. Innri endurskoðun leggur mat á skilvirkni stjórnarháttá, áhættustýringar og innra eftirlits og stuðlar þannig að því að bankinn nái þeim markmiðum sem honum eru sett. Þessu er náð fram með áhættumiðaðri endurskoðunaráætlun sem tekur mið af markmiðum og stefnu Seðlabankans.

Innra eftirlit og áhættustýring

Starfsemi Seðlabanka Íslands fylgir margvísleg fjárhagsleg áhætta og rekstraráhætta; annars vegar áhætta sem gæti gert bankanum erfitt um vik eða jafnvel hindrað hann í að sinna hlutverki sínu með fullnægjandi hætti og ná lögboðnum markmiðum sínum og hins vegar áhætta sem steðjar að bankanum vegna þess að markmiðin ganga fyrir fjárhagslegum hagsmunum bankans sjálfs. Áhættustefna Seðlabankans miðar að því að skilgreina betur áhættu sem bankinn glímir við, auka skilning á henni, öðlast yfirsýn yfir hana og stýra henni eða lágmarka án þess að það bitni á getu bankans til þess að ná lögboðnum markmiðum sínum. Framkvæmdaraðilar, áhættustýringardeild og innri endurskoðun mynda þrjár línur innra eftirlits eins og sýnt er á mynd VI-1.

Seðlabankastjóri skipar fjárhagsáhætturáð og rekstraráhætturáð sem bera ábyrgð á umgjörð áhættustýringar og eru ráðgefandi fyrir seðlabankastjóra og aðstoða hann við að uppfylla eftirlitshlutverk sitt með virkni áhættustýringar.

Seðlabankastjóri ræður áhættustjóra sem veitir sjálfstæðri áhættustýringareiningu á skrifstofu banka- stjóra forstöðu og ber ábyrgð á eftirliti með að Seðla- bankinn starfi í samræmi við umgjörð áhættustýringar sem fjárhagsáhætturáð og rekstraráhætturáð setja.

Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á og stýra áhættu sem felst í starfsemi eigin sviða.


Innri endurskoðun Seðlabankans, sem starfar í umboði bankaráðs, hefur með höndum kerfisbundið, óháð og hlutlægt mat á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarháttanna Seðlabankans. Innri endurskoðun starfar samkvæmt áhættumiðaðri endurskoðunaráætlun sem staðfest er af bankaráði og uppfærð reglulega.

Fjárhagsáhætta samanstendur af markaðs-, lausa- fjár- og kröfuáhættu. Helsta markaðsáhætta stafar af gjaldeyris- og vaxtaáhættu vegna endurmats verðbréfa í eigu bankans ásamt vaxtamisvægi á milli eigna og skulda. Breytingar á gengi og ávöxtunarkröfu á markaði hafa bein áhrif á eigið fé, auk þess sem samsetning vaxtaberandi eigna og skulda ásamt þróun tilheyrandi vaxta hafa áhrif á framtíðartekjur. Til að skilgreina áhættu- na framkvæmir bankinn m.a. sviðsmyndagreiningar og álagspróf til þess að meta næmi eigna og skulda vegna ýmissa markaðsatburða. Fjárhagsáhætturáð hefur eftirlit með að áhætta á efnahagsreikningi Seðlabankans samræmist áhættuvilja bankans og veitir ráðgjöf um aðgerðir til mildunar á áhættu og hvernig auka megi við- námsprótt efnahagsreikningsins gagnvart ákvörðunum sem tengjast lögboðnum markmiðum Seðlabankans. Fjárhagsáhætturáð ákveður mörk á heildaráhættu í gjaldeyrisforða bankans. Þá fer ráðið yfir áherslur bank- ans gagnvart umhverfi, félagslegum þáttum og stjórnar- háttum.

Rekstraráhætta er hættan á fjárhagslegu eða ófjárhagslegu tjóni sem stafar af ófullkomnum innri ferlum og kerfum, aðgerðum starfsfólks eða af völdum utanaðkomandi atvika. Rekstraráhætta fylgir starfsemi Seðlabanka Íslands sem seðlabanka og rekstraraðila kerfislega mikilvægra fjármálinnviða, þ.e.a.s. millibanka- greiðslukerfisins. Rekstraráhætturáð hefur umsjón með stjórnkerfi fyrir rekstraráhættu og fylgist með því að til staðar sé skjalfest verklag fyrir mikilvægustu verkefni bankans, að framkvæmt sé áhættumat á helstu verk- ferlum og tölvukerfum og að gripið sé til skjótra úrbóta þegar frávik verða frá viðurkenndu verklagi.

Öryggisstjóri Seðlabankans er starfsmaður áhættu- stýringar. Hann tekur þátt í að móta stefnu í raunlægu öryggi og upplýsingaöryggi bankans, styður við bestu framkvæmd og úrbótaverkefni í öryggismálum, heldur utan um umgjörð fyrir viðbragðsáætlanir til að tryggja rekstrarsamfellu og tekur þátt í viðbragðsstjórnun til að

bregðast við stærri atvikum sem ógna rekstrarsamfellu bankans.



Mannauðsmál

Í lok árs 2023 voru starfsmenn Seðlabanka Íslands 311 í 309,2 stöðugildum. Þar af voru 144 konur og 167 karlar.

Framkvæmdastjórar bankans voru 11, þar af 5 konur og 6 karlar. Í hópi aðstoðarframkvæmdastjóra og forstöðumanna voru alls 27 starfsmenn, 14 konur og 13 karlar. Háskólamenntað starfsfólk var 92% af heildar- fjölda starfsfólks í árslok. Á árinu voru 23 nýráðningar en 14 létu af störfum. Sumarstarfsmenn á árinu 2023 voru 9.

Tafla VI-1 Fjöldi starfsmanna eftir sviðum

Svið	Fjöldi
Bankastjórar	4
Fjármál og rekstur	32
Fjármálastöðugleiki	29
Gögn og umbætur	22
Hagfræði og peningastefna	25
Háttsemiseftirlit	46
Mannauður og menning	6
Markaðsviðskipti	36
Skrifstofa bankastjóra	38
Upplýsingatækni	32
Varúðareftirlit	38
Innri endurskoðun	3
Samtals	311

Framkvæmdir og endurbætur

Framkvæmdum var haldið áfram við viðhald og endur- nýjun húsnæðis bankans. Framkvæmdir á árinu voru að mestu leyti við endurbætur á viðbyggingu í húsnæði bankans en endurbótum á aðalbyggingu var að mestu lokið áður.

Seðlabankastjóri, varaseðlabankastjórar, bankaráð og framkvæmdastjórar Seðlabanka Íslands

31. desember 2023

Seðlabankastjóri

Ásgeir Jónsson

Varaseðlabankastjórar

Björk Sigurgísladóttir

Gunnar Jakobsson

Rannveig Sigurðardóttir

Bankaráð

Aðalmenn

Gylfi Magnússon formaður

Pórunn Guðmundsdóttir varaformaður

Arnar Bjarnason

Sigríður Andersen

Kirstín P. Flygenring

Sigurjón Arnórsson

Þorsteinn Víglundsson

Varamenn

Aðalheiður Sigursveinsdóttir

Þórlindur Kjartansson

Kristín Thoroddsen

Hildur Traustadóttir

Vilhjálmur Þorsteinsson

Oddný Árnadóttir

Jarþrúður Ásmundsdóttir

Framkvæmdastjórar

Fjármálastöðugleiki:

Haukur C. Benediktsson framkvæmdastjóri

Fjármál og rekstur:

Erla Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri

Gögn og umbætur:

Gunnar Ormslev Ásgeirsson framkvæmdastjóri

Hagfræði og peningastefna:

Þórarinn G. Pétursson aðalhogfræðingur

Háttsemiseftirlit:

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir framkvæmdastjóri

Mannauður og menning:

Íris Guðrún Ragnarsdóttir mannauðsstjóri

Markaðsviðskipti:

Sturla Pálsson framkvæmdastjóri

Skrifstofa bankastjóra:

Rannveig Júníusdóttir framkvæmdastjóri

Upplýsingatækni:

Logi Ragnarsson framkvæmdastjóri

Varúðareftirlit:

Gísli Óttarsson framkvæmdastjóri

Innri endurskoðun:


Nanna Huld Aradóttir innri endurskoðandi

Félag í eigu Seðlabanka Íslands

Greiðsluveitan ehf.:

Sigríður Dís Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri

Skipurit Seðlabanka Íslands



Sjálfbærni



Seðlabanki Íslands stefnir að því að verða til fyrirmyndar á sviði sjálfbærni og loftslagsmála og mikilvæg skref voru tekin í þá átt á árinu 2023. Sjálfbærni varðar ekki aðeins umhverfismál, heldur styðja undirstöður sjálfbærni, þ.e. samfélag, umhverfi og efnahagslíf, hver aðra og leggja grunninn að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Við mat á sjálfbærni fyrirtækja og stofnana er jafnan vísað til viðmiða um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) og er þá meðal annars átt við velferð, heilsu, félagslegt réttlæti og stjórnarhætti sem stuðla að sjálfbærni. Sjálfbærni Seðlabanka Íslands felur í sér að stuðlað sé að góðum stjórnarháttum og að tekið sé tillit til umhverfis- og félagslegra þátta í starfsemi og rekstri bankans.

Umhverfismál

Umhverfismál í rekstri

Markmið umhverfis- og loftslagsstefnu Seðlabanka Íslands er að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri bankans og að bankinn leggi þannig sitt af mörkum til þess að Ísland geti staðið við loftslagskuldbindingar sínar. Hann skal kappkosta að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum í starfsemi sinni.

Seðlabanki Íslands einsetur sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni um 40% frá árinu 2019 til ársins 2030. Vel hefur gengið að uppfylla þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðaáætlun bankans og eru 58% af aðgerðunum komin í framkvæmd. Umhverfis- og loftslagsstefna bankans og aðgerðaáætlun eru rýndar árlega og uppfærðar ef þörf þykir.

Það hefur miðað vel við að innleiða græn skref í ríkisrekstri¹ í starfsemi bankans, en sú vegferð hófst árið 2016. Á árinu 2023 náði Seðlabankinn fimmta og seinasta skrefi verkefnisins en í fimmta skrefinu felst einna helst innleiðing umhverfisstjórnunarkerfis.

Seðlabanki Íslands færir grænt bókhald, m.a. með notkun á stafræna umhverfisbókhaldskerfinu Klappir, og heldur m.a. sérstaklega utan um innkaup sín, orku-notkun, viðskiptaferðir, ferðavenjur starfsfólks, framkvæmdir við húsnæði bankans, úrgang og fleira. Þá fylgir bankinn sérstakri samgöngustefnu er stuðlar að því að starfsfólk noti vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta.

Umhverfismál í faglegri starfsemi

Bankinn hefur unnið áfram að undirbúningi sviðsmyndagreiningar vegna loftslagsáhættu, annars vegar á grundvelli sviðsmynda NGFS² og hins vegar á grundvelli sviðsmynda sem aðrir seðlabankar og alþjóðastofnanir hafa notað. Markmiðið er að þróa sviðsmyndagreiningarnar frekar á næstu misserum.

Á árinu sendi Seðlabankinn lífeyrissjóðunum spurningalista til að gera úttekt á stöðu mála varðandi loftslagsáhættu. Sjálfbærniáhætta var m.a. tekin sérstaklega fyrir í könnunar- og matsferli viðskiptabankanna.³ Skoðuð var stýring áhættu sem bankarnir standa frammi fyrir vegna loftslagsáhættu og settar fram ábendingar.

Þá átti starfsfólk Seðlabankans fundi með eftirlitskyldum aðilum þar sem ýmis atriði sem snúa að upp-

1. Sjá hér: [Græn skref](#).

2. Network for Greening the Financial System, sjá kaflann um alþjóðleg samskipti.

3. Sjá kafla IV.

lýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar voru reifuð.

Samstarf um loftslagsmál og loftslagsáhættu

Seðlabankinn á samstarf við seðlabanka Norður- og Eystrasaltslandanna um viðfangsefni tengd loftslagsmálum og loftslagsáhættu.

Seðlabankinn gerðist aðili að alþjóðlegum samstarfsvettvangi seðlabanka og fjármálaeftirlita, Network for Greening the Financial System (NGFS), árið 2020 og hefur bankinn verið virkur á þeim vettvangi. Seðlabankinn á fulltrúa í fjórum vinnuhópum NGFS, þar sem viðfangsefnin eru eftirlit, sviðsmyndagreining, peningastefna og kolefnishlutleysi.

Á árinu fundaði Seðlabankinn með fjölmörgum innlendum hagaðilum á sviði loftslagsmála og loftslagsáhættu til að efla þekkingu starfsfólks bankans á loftslagsmálum og til að skapa vettvang fyrir samstarf á þessu sviði. Seðlabankinn er aðildarfélag í Festu, miðstöðvar um sjálfbærni.

Eins og greint er frá í kaflanum um alþjóðleg samskipti lauk á árinu FSAP-úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Einn verkstrámannanna laut að loftslagstengdri fjárhagsáhættu í bankakerfinu⁴ (Climate-related financial risks in the banking sector) og byggði á viðmiðunarreglum Basel-nefndar Alþjóðagreiðslubankans hvað varðar slíka áhættu. Í skýrslunni komu fram ábendingar til stjórnvalda um hvernig styrkja mætti umgjörð eftirlits með bankakerfinu á þessum grundvelli og munu þær nýtast í áframhaldandi vinnu að úrbótum sem styrkja enn frekar viðnámsþrótt fjármálakerfisins, regluverk og eftirlit með því.

Félagslegir þættir

Jafnrétti

Seðlabankinn leitast við að stuðla að jafnrétti, jafnri meðferð og virðingu starfsfólks. Bankinn framfylgir jafnréttisstefnu í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018.

Í jafnréttisstefnu bankans kemur m.a. fram að bankinn skuli auðvelda starfsfólki að samræma starfskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu, að starfsfólki skuli ekki mismunað við framgang og ráðningu í störf og að hvers kyns áreitni verði ekki liðin innan bankans. Jafnréttisnefnd er starfandi í bankanum og hefur hún yfirsýn yfir lög og reglur um jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks og vinnur að reglulegri endurnýjun á jafnréttisstefnu bankans.

Samkvæmt jafnlaunastefnu Seðlabanka Íslands er stefna bankans að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafn verðmæt störf þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar í bankanum. Jafnlaunavottun bankans var endurnýjuð á haustmánuðum. Jafnlaunagreining leiddi í ljós að enginn óútskýrður launamunur var á milli kynjanna, fjórða árið í röð. Seðlabanki Íslands hlaut einnig viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar á árinu en verkefnið Jafnvægisvugin miðar að því að jafna hlutföll kynjanna í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja og stofnana.

Mannauður

Mannauður er lykillinn að góðum og sjálfbærum rekstri bankans. Mannauðsstefna Seðlabankans miðar að því að byggja upp trausta liðsheild, með áherslu á virðingu, andlega og líkamlega vellíðan, jafnrétti, þekkingu, fagmennsku og framsækni starfsfólks. Starfsumhverfi Seðlabankans byggist á sveigjanleika og trausti, styður við vellíðan starfsfólks, starfsánægju, aukið jafnvægi milli vinnu og einkalífs og jafnrétti.

Á árinu var lögð sérstök áhersla á þætti er styðja við helgun í starfi (e. engagement). Má þar nefna að unnið hefur verið að því að skýra ábyrgð og hlutverk starfsfólks, efla fræðslu og byggja upp enn sterkari liðsheild, auk þess sem unnið hefur verið að stöðugum umbótum og framþróun starfsfólks. Til mikils er að vinna í þessum eignum. Helguðu starfsfólki líður almennt betur og það er ánægðara í starfi. Viðhorf þess og framganga hefur einnig margvísleg jákvæð áhrif á skilvirkni, árangur og sjálfbærni bankans. Vinnustaðakönnun í lok árs sýnir að helgun hefur aldrei mælst hærrí í bankanum eftir sameiningu.

Fræðsla um sjálfbærni

Í ritinu *Fjármálastöðugleiki 2023/1*⁵ birtist ramma- grein um áhrif loftslagsáhættu á fyrirtækjaútlánasafn íslenskra viðskiptabanka.

Eftir var til fjölda innri og ytri fræðslufunda á árinu um sjálfbærnimál. Einnig var blásið til Umhverfisfunda innan bankans þar sem starfsfólk og gestir fluttu erindi.

Stjórnarhættir

Seðlabankinn leggur áherslu á ábyrga stjórnarhætti. Á árinu var unnið áfram að því að styrkja og formfesta umgjörð stjórnarháttanna bankans. Forstöðufólk bankans fékk á árinu stjórnendapjálfun með það að markmiði að efla stjórnendateymi bankans. Markviss stefnumót-

4. Sjá hér: [Iceland Financial Sector Assessment Program](#).

5. Sjá hér: [Fjármálastöðugleiki 2023/1](#).

unarvegferð hófst í lok ársins þar sem áherslur bankans voru mótaðar ásamt framtíðarsýn.

Á árinu samþykktu seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar umgjörð um stjórnarhætti Seðlabanka Íslands. Umgjörð stjórnarháttanna varpar ljósi á stefnumörkun, menningu og verklag Seðlabankans. Stjórnarhættir bankans taka mið af lögum um Seðlabanka Íslands, annarri löggjöf sem um starfsemi bankans gildir og alþjóðasamningum. Í umgjörð stjórnarháttanna er fjallað um hlutverk bankans, lagalega umgjörð, markmið og gildi, stjórnskipulag, verkaskiptingu og ábyrgð, innri og ytri stefnur bankans, sjálfstæði, ábyrgðarskil, gagnsæi og innra eftirlit.

Á árinu áttu sér stað tvær umtalsverðar breytingar á skipulagi og skipuriti bankans sem nánar er lýst í kafla VI um stjórn, skipulag og mannauð.

Árlega gefur Seðlabanki Íslands út sérstaka sjálfbærnisráðgjafur. Þar er ítarlegri umfjöllun um sjálfbærni-markmið og hvernig umhverfis- og loftslagsmál verða áfram tekin inn í kjarnastarfsemi og áhættugreiningar bankans.

Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands



Tap af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2023 nam 13.620 m.kr. en til samanburðar nam tap ársins 2022 18.364 m.kr. Tapið af rekstri bankans 2023 má að mestu leyti rekja til neikvæðs vaxtafajnaðar og hækkunar á gengi krónunnar. Fyrir gengismun var hagnaður af fjármálagerningum á árinu 1.587 m.kr. en til samanburðar var tap árið 2022 að fjárhæð 45.332 m.kr. Hér til hliðar eru töflur sem sýna breytingu á milli ára á helstu liðum rekstrarreiknings og efnahagsreiknings bankans.

Hrein vaxtagjöld námu 9.356 m.kr. á árinu 2023 samanborið við 9.610 m.kr. á árinu 2022 en talsverðar hreyfingar voru á milli liða. Vaxtatekjur af innlendum eignum og skuldum lækkuðu um 208 m.kr. eða um 20%. Lækkun á vaxtatekjum af innlendum skuldum er fyrst og fremst tilkomin vegna viðsnúnings á vöxtum af gjaldeyrisreikningum sem voru neikvæðir hluta ársins 2022 en jákvæðir mestallt árið 2023. Vaxtatekjur af erlendum eignum hækkuðu um 17.800 m.kr., ríflega þrefölduðust frá fyrra ári. Mikil breyting varð á erlendu eignasafni Seðlabankans á árinu. Innstæðum á banka-reikningum var varið til fjárfestingar í skuldabréfum og við það minnkuðu þær um 242.544 m.kr. Engu að síður hækkuðu vaxtatekjur af handbæru fé um 7.564 m.kr. sem má rekja til hækkunar á vöxtum erlendis. Eignir bankans í erlendum skuldabréfum jukust við þessar breytingar um 196.758 m.kr. sem er 61% aukning frá fyrra ári og vaxtatekjur af þeim hækkuðu um 7.889 m.kr. sem var um það bil þreföldun frá því árið áður. Betri ávöxtun skuldabréfa í gjaldeyrisforða skýrir þá hækkun.

Vaxtagjöld af innlendum skuldum hækkuðu um 16.896 m.kr. sem er rúmlega tvöföldun frá fyrra ári og vaxtagjöld af erlendum skuldum og eignum hækkuðu um 442 m.kr. eða um 15%. Hækkunir á meginvöxtum

Tafla VIII-1 Helstu liðir rekstrarreiknings

M.kr.	2023	2022	Breyting
Hrein vaxtagjöld	(9.356)	(9.610)	254
Virðisbreytingar eigna	10.888	(35.773)	46.661
Tekjur af hlutafjáreign	55	52	3
Gengismunur	(11.153)	31.436	(42.589)
Tap af fjármálagerningum	(9.566)	(13.895)	4.329
Rekstrartekjur	3.909	3.475	434
Rekstrargjöld	(8.361)	(8.285)	(76)
Áhrif dótturfélaga	398	341	57
Afkoma ársins	(13.620)	(18.364)	4.744

Tafla VIII-2 Helstu liðir efnahagsreiknings

M.kr.	31.12.2023	31.12.2022	Breyting
<i>Eignir</i>			
Gulleign	17.922	16.526	1.396
Kröfur á erl. aðila í erl. gjaldeyri	772.129	820.559	(48.430)
Kröfur á innl. aðila í erl. gjaldeyri	-	6	(6)
Kröfur á innl. aðila v. peningastefnu	18.709	20.287	(1.578)
Kröfur á innl. aðila í innl. gjaldeyri	4.522	4.640	(118)
Aðrar eignir	13.428	12.610	818
Eignir samtals	826.710	874.628	(47.918)
<i>Eigið fé og skuldir</i>			
Eigið fé	100.952	115.512	(14.560)
Útgefnir seðlar og mynt	75.709	80.687	(4.978)
Skuldir við erl. aðila í erl. gjaldeyri	77.570	80.308	(2.738)
Skuldir við innl. aðila í erl. gjaldeyri	196.715	228.206	(31.491)
Skuldir við erl. aðila í innl. gjaldeyri	1.293	1.667	(374)
Skuldir við innl. lánastofnanir v. peningastefnu	281.656	271.704	9.952
Skuldir við innl. aðila í innl. gjaldeyri	91.451	95.102	(3.651)
Aðrar skuldir	1.366	1.441	(75)
Eigið fé og skuldir samtals	826.710	874.628	(47.918)

Seðlabankans á árinu 2023 skýra hækkun á vaxtagjöldum af innlendum skuldum á árinu og hækkun á vöxtum erlendis skýrir hækkun á vaxtagjöldum af erlendum skuldum og eignum.

Gengistap á árinu 2023 nam alls 11.153 m.kr. vegna hækkunar á gengi krónunnar en til samanburðar nam gengishagnaður á árinu 2022 alls 31.436 m.kr. Virðisbreytingar eigna námu 10.888 m.kr. til tekna á árinu 2023 samanborið við 35.733 m.kr. gjaldfærslu á árinu 2022.

Í lok ársins 2023 námu eignir bankans alls 826.710 m.kr. en voru 874.628 m.kr. í árslok 2022. Eigið fé bankans nam 100.952 m.kr. í árslok 2023 og eiginfjárlutfall bankans var 12,2% samanborið við 13,2% í árslok 2022. Erlendar eignir bankans námu um 96% af heildareignum hans í lok árs 2023 eins og undanfarin ár.

Ársreikningur bankans er birtur aftar í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

Afkomuhorfur og eiginfjármarkmið

Seðlabanki Íslands skal lögum samkvæmt búa yfir fjárhagslegum styrk sem gerir honum kleift að rækja lögbundið hlutverk sitt. Liður í þessu er að bankinn skal ákveða á hverju ári eiginfjármarkmið sem endurspeglar þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir. Eiginfjármarkmiðið tekur mið af rekstrarkostnaði bankans og þeirri áhættu og óvissu sem bankinn stendur frammi fyrir á hverjum tíma. Ákvörðun um eiginfjármarkmið er staðfest af bankaráði og var það ákveðið 150 ma.kr. á árinu 2023.

Rekstrarafkoma Seðlabankans versnaði á árinu, sem helst má rekja til neikvæðs vaxtafajnaðar og hækkunar á gengi krónunnar. Því minnkaði eigið fé bankans og var í árslok 2023 um 101 ma.kr., sem er undir eiginfjármarkmiðinu sem staðfest var af bankaráði. Til samanburðar var eigið fé í árslok 2022 um 115,5 ma.kr. en í lok árs 2021 134,1 ma.kr. Bankinn kallaði ekki inn eigið fé frá ríkissjóði á árinu en lagaheimild er fyrir innköllun á allt að 74,1 ma.kr. á verðlagi 2023.

Niðurstöður sviðsmyndagreiningar á þróun afkomu og eigin fjár bankans til næstu þriggja ára sýna í stórum dráttum áframhaldandi taprekstur og þar með lækkandi eigið fé af völdum neikvæðs vaxtamunar á milli eigna og skulda. Mat á eiginfjárþörf bankans gefur því ekki tilefni til að breyta eiginfjármarkmiði bankans sem ákveðið var árið 2023. Það hefur því verið staðfest óbreytt af bankaráði eða 150 ma.kr.

Árlega er tekin ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar bankans samkvæmt aðferð sem lýst er í lögum um Seðlabanka Íslands. Þannig er hagnaði bankans,

að frádregnum færslum í varasjóð, ráðstafað til ríkissjóðs svo fremi sem honum er ekki ráðstafað til að efla eigið fé bankans. Í samræmi við 2. mgr. 40. gr. laga um Seðlabanka Íslands er því ekki greiddur arður í ríkissjóð vegna ársins 2023 vegna taprekstrar og eiginfjárstöðu undir eiginfjármarkmiði.

Ársreikningur 2023

IX

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	44
Staðfesting ársreiknings Seðlabanka Íslands	46
Rekstrarreikningur 2023	47
Efnahagsreikningur 31. desember 2023	48
Eiginfjáryfirlit	50
Sjóðstreymisyfirlit	51
Skýringar	52

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bankaráðs og bankastjóra Seðlabanka Íslands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Seðlabanka Íslands („bankinn“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymis-yfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu bankans 31. desember 2023 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um Seðlabanka Íslands.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð bankanum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Bankaráð og seðlabankastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð bankaráðs og seðlabankastjóra á ársreikningnum

Bankaráð og seðlabankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bankaráði og seðlabankastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi bankans og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annaðhvort að leysa bankann upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Bankaráð og seðlabankastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endur-

skoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits bankans.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun bankaráðs og seðla-bankastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem

valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi bankans. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert bankann órekstrarhæfan.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum bankaráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík, 13. mars 2024

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir

Staðfesting ársreiknings Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjóri Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. mars 2024

Áritun bankaráðs

Pórunn Guðmundsdóttir
Arnar Bjarnason
Sigríður Andersen

Gylfi Magnússon
formaður

Kirstín Þ. Flygenring
Sigurjón Arnórsson
Þorsteinn Víglundsson

Áritun seðlabankastjóra

Ásgeir Jónsson

Staðfesting forsætisráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda, bankaráðs og seðlabankastjóra staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 26. mars 2024

Katrín Jakobsdóttir

Rekstrarreikningur 2023

	Skýring	2023	2022
Vaxtatekjur af innlendum eignum og skuldum	4	851.643	1.059.274
